



Staða kvenna í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku

Ólöf Ragnarsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Staða kvenna í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku

Ólöf Ragnarsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Leiðbeinandi: Silja Bára Ómarsdóttir

Stjórnmálafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2011

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Ólöf Ragnarsdóttir 2011

Reykjavík, Ísland 2011

Útdráttur

Í ritgerðinni er leitast við að varpa ljósi á stöðu kvenna í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku (MENA-svæðið). Staða kvenna er metin út frá lögum og samfélagslegum venjum. Bilið á milli kynjanna er skoðað með hjálp skýrslu World Economic Forum og Freedom House og fimm lönd af MENA-svæðinu lauslega borin saman. Markmiðið er að geta svarað því að einhverju leyti hvernig eigi að vinna að því að útrýma ójöfnuði kynjanna. Helstu niðurstöður eru að hægar framfarir hafa átt sér stað á svæðinu í málefnum kvenna, helst í mennta- og heilbrigðismálum, en það er enn langt í land ef fullkominn jöfnuður kynjanna á að nást. Heimildir sem notaðar eru í ritgerðinni eru bækur, greinar og skýrslur.

Formáli

Þessi ritgerð er 12 eininga lokaverkefni í stjórn málafræði sem aðalgrein við Háskóla Íslands, aukagrein er enska. Ritgerðarefnið valdi ég vegna mikils áhuga á mannréttindum og um leið kvenréttindum. Einnig þykir mér áhugavert að skoða samfélagsgerðir ríkja í Mið-Austurlöndum. Ritgerðinni er skilað þann 28. apríl 2011. Leiðbeinandi er Silja Bára Ómarsdóttir og kann ég henni bestu þakkir fyrir virkilega góða leiðsögn, skilvirka yfirferð og þolinmæði við vinnslu ritgerðarinnar. Einnig vil ég færa föður mínum þakkir fyrir hjálp með yfirferð ritgerðar. Að auki fá vinir og fjölskylda þakkir fyrir mikla þolinmæði og hvatningu á meðan vinnslu ritgerðarinnar stóð.

Efnisyfirlit

INNGANGUR	6
FEMÍNISMI	8
FRJÁLSLYNDUR FEMÍNISMI	9
MANNRÉTTINDI	10
LÖG OG VENJUR Á MENA SVÆÐINU	12
LÖG UM FJÖLSKYLDUNA	14
LÖG UM STÖÐU EINSTAKLINGA	18
FEDRAVELDIÐ	21
BILÍÐ Á MILLI KYNJANNA	24
SAMANBURÐUR Á LÖNDUM	29
HVERS VEGNA ÞARF AÐ BÆTA STÖÐU KVENNA?	38
NIÐURSTÖÐUR OG LOKAORÐ	42
HEIMILDASKRÁ	45

Inngangur

Konur í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku (hér eftir nefnt MENA svæðið) standa stöðugt frammi fyrir kerfisbundinni mismunun bæði í lögum og félagslegum venjum. Konur eru beinlínis lægra settar en karlmenn vegna rótgróinna samfélagslegra venja og íhaldssamra túlkanna á Sharía lögnum, sem eru hin helgu lög Íslamstrúarinnar. Hlutfall kvenna í yfirmannastöðum í stjórnámálum og einkageiranum er verulega á skjön við heildarfjölda þeirra, í sumum löndum eru þær algjörlega fjarverandi í dómskerfinu. Konur mæta mikilli mismunun vegna laga um stöðu einstaklinga sem eru í gildi í löndum á MENA svæðinu. Lögin um stöðu einstaklinga taka til hjónabands, skilnaðar, forsjár barna, arfleifðar og annarra hliða fjölskyldu lífsins.¹

MENA svæðið er ekki eina svæðið í heiminum þar sem konur þurfa að lifa við ójöfnuð í samfélaginu vegna kyns síns. Í Asíu, Afríku, Rómönsku-Ameríku, Evrópu og Norður-Ameríku þurfa konur enn að takast á við hindranir í baráttunni við það að öðlast sömu réttindi og karlmenn að fullu. Hvað sem því líður þá er það á MENA svæðinu þar sem bilið á milli kynjanna er sýnilegast og lengst samkvæmt niðurstöðum skýrslu sem gerð var á vegum samtakanna Freedom House árið 2010.²

Í þessari ritgerð verður skoðað hvaða þættir hafa helst áhrif á stöðu kvenna í samfélögum í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku. Nokkur lönd; Egyptaland, Jemen, Marokkó, Óman og Sádí Arabía, eru skoðuð með tilliti til fjögurra þátta og reynt að varpa ljósi á hvaða samfélagsbreytur þyrftu að breytast til þess að jafna stöðu kynjanna á svæðinu. Þessir fjórir þættir eru: þátttaka í atvinnulífi, læsi, fæðingar með aðstoð faglærðra heilbrigðisstarfsmanna og fjöldi kvenna á þingi. Notast verður við femínískar kenningar og mannréttindi til hliðsjónar og viðmiðunar. Einnig verður rýnt í skýrslur World Economic Forum og Freedom House frá árinu 2010 og niðurstöður þeirra notaðar til þess að skoða stöðu kvenna í þessum löndum sem nefnd eru hér að framan og til þess að fá yfirsýn yfir stöðu kvenna á MENA svæðinu í heild.

¹ Julia Breslin og Sanja Kelly, ritstj., *Women's Rights in the Middle East and North Africa: Progress Amid Resistance* (New York: Freedom House; Lanham, MD: Rowman & Littlefield, 2010), <http://freedomhouse.org/template.cfm?page=384&key=270&parent=23&report=86> (sótt 3.mars 2011).

² Breslin og Kelly, 2010.

Fyrsti kafliinn fjallar um femínisma sem fræðilega kenningu. Þá er fjallað sérstaklega um frjálslýndan femínisma sem er ein tegund femínískra kenninga. Annar kafliinn fjallar lauslega um uppruna og eðli mannréttinda. Sá þriðji segir frá lögum og venjum í samfélögum á MENA svæðinu sem hafa áhrif á stöðu kvenna og tekin eru dæmi úr löndum á svæðinu til þess að varpa ljósi á efnið. Fjórði kafliinn fjallar um bilið á milli kynjanna á MENA svæðinu. Í fimmta kafla eru löndin fimm sem eru talin upp hér áður borin saman. Sett er upp tafla og fjögur gröf sem sýna muninn á þessum löndum varðandi þá þætti sem skoðaðir eru og þróun síðustu ára. Í sjötta og síðasta kaflanum verður svo skoðað hvers vegna eigi að vinna að því að bæta stöðu kvenna og hvernig sé hægt að gera það. Heimildir í þessari ritgerð eru bækur, greinar og skýrslur sem unnar voru af frjálsum félagasamtökum. Bækurnar voru allar fundnar á Landsbókasafni Íslands með hjálp bókasafnskerfisins Gegnir á www.gegnir.is. Við heimildaöflun voru notuð ýmis gagnasöfn á Internetinu sem má finna á www.hvar.is. Leitarorðin sem notuð voru við að finna heimildir eru til dæmis: femínismi, femínismi í arabalöndum, konur í arabalöndum, staða kvenna á MENA svæðinu, family law og gender.

Femínismi

Femíniskar kenningar eru fjölfaglegar, það er þær taka til félags- og náttúrufræði og einnig hugvísinda og heimspeki.³ Meginmál femínískra kenninga eru að gera grein fyrir undirskipun kvenna. Femíniskar kenningar gera grein fyrir óréttlætulegum ójöfnuði á milli félags- og efnahagslegrar stöðu karla og kvenna, og að leita leiða til þess að útrýma þessum ójöfnuði. Susan Okin skilgreinir femínista sem þann sem trúir því að konur skuli ekki njóta ójöfnuðar vegna kyns síns, konur skulu njóta sömu viðurkenndu réttinda og karlmenn og hafa tækifæri til þess að lifa sínu lífi eins og þær kjósa sjálfar. Burt séð frá því þá greinir femínista á um það hvers vegna konur verða undir og einnig eru þeir ósammála um það hvernig eigi að útrýma þessum mismun. Femíniskar kenningar eru margvíslegar, sem dæmi má nefna: frjálslýndar, róttækar, sósíalískar, sálrænar, póstkólóníalískar og póstmóðernískar. Fyrir utan að það að varpa ljósi á undirokun kvenna þá leitast flestar þessara kenninga einnig við það að finna pólitíska lausn á því hvernig best sé að bæta líf kvenna.⁴

Samkvæmt femínískum hugmyndafræðingum vinnur stigveldi kynjanna gegn þátttöku kvenna í stefnumótun bæði innan- og utanríkismála. Þetta stigveldi er byggt upp og því er viðhaldið í gegnum valdastrúktúr. Í stað þess að horfa á ríkið sem hlutlausan úrskurðaraðila, þá hafa femínískir alþjóðastjórn málafræðingar bent á “kynjuð ríki” en það eru ríki sem stuðla að og aðhyllast stefnur sem vinna aðallega í þágu karlmannna. Karlmenn ráða mest megnis ríkjum í alþjóðasamskiptum og alþjóðastjórn málum. Vegna þessa þarf að athuga vel hin karllægu gildi sem geta legið á bak við þegar að framkvæma á hvers konar greiningu á kynjuðum hugtökum og framkvæmdum innan alþjóðasamskipta. Skoða þarf hvort og þá hvernig þau geta haft áhrif á uppbyggingu kenninga og framkvæmda innan alþjóðasamskipta.⁵

Á hnattræna vísu hafa leiðarljós um samfélagsþróun og velferðarstefnu (*Guiding Principles for Social Development and Welfare Policies*) sem voru innleidd af

³ Tickner, J. Ann. *Gendering world politics: issues and approaches in the post-Cold War era* (New York: Columbia University Press, 2001), 11.

⁴ Tickner, *Gendering world politics: issues and approaches in the post-Cold War era*, 11-12.

⁵ Tickner, *Gendering world politics: issues and approaches in the post-Cold War era*, 21.

Sameinuðu þjóðunum árið 1989 reynt að stuðla að aukningu velferðar mannkynsins með því setja lífsgæðin á hærra plan. Það er gert meðal annars með því að ganga úr skugga um félagslegt jafnrétti og auka fjölbreytni tækifæra fyrir fólk til þess að þroskast sem heilbrigðir, menntaðir og virkir borgarar sem geta lagt sitt af mörkum til samfélagsins.⁶

Stór hluti stjórn málasögu tuttugustu aldarinnar hefur einkennst af baráttunni fyrir því að auka, verja eða þá að öðlast pólitísk, borgaraleg og þjóðfélagsleg réttindi. Konur hafa spilað stórt hlutverk í þessari baráttu, ekki einungis vegna kröfunnar um kosningarétt heldur einnig vegna tilkalls til almennra borgarlegra réttinda. Í baráttu sinni hafa þær oft notað baráttu blökkumanna í ríkjum eins og Bandaríkjunum og Suður-Afríku sem fyrirmynd.⁷

Ef horft er á ríkisborgararéttinn sem ferli, þar sem baráttan við það að öðlast ný réttindi og fá frelsi til þess að nýta þau sem áður hafa verið veitt er jafn mikilvæg og ríkisborgararétturinn sjálfur, þá mætast þar tvær sögulegar hefðir. Þessar tvær hefðir eru þátttökulýðræði og frjálsslynd, félagsleg réttindi. Ef þessar hefðir eru í hávegum hafðar þá kemur borgarinn fyrir sjónir bæði í orði og á borði, það er hann er ekki aðeins handhafi réttinda heldur notar þau og tekur virkan þátt í samfélaginu bæði sem einstaklingur og í hópi í skjóli réttinda sinna. Þá hefur borgarinn kost á því að taka þátt í lýðræðislegum kosningum og honum er frjálst að stofna hvers konar félag eða samtök sem hafa frelsi til þess að koma saman á friðsamlegan hátt. Á þennan hátt verður tilhugsunin um það að hinn almenni borgari geti haft raunveruleg áhrif lykillinn að skilningi okkar á ríkisborgararétti og myndar þráð á milli þessara tveggja sögulegu hefða sem nefndar voru hér fyrir ofan.⁸

Frjálsslyndur femínismi

Innan femínískra kenninga má finna margar mismunandi nálganir. Í bók eftir Chris Beasley segir að þrátt fyrir þessa fjölbreytni þá sé femínismi oftast kynntur í daglegu tali

⁶ Lister, Ruth. *Citizenship: Feminist Perspectives*, ritstj. Jo Campling (London: MACMILLAN PRESS LTD, 1997), 2.

⁷ Lister, *Citizenship: Feminist Perspectives*, 5.

⁸ Sama heimild..

og í kennslustofum sem ein kenning sem snýst um jafnrétti.⁹ Samkvæmt Beasley er frjálslyndur femínismi þekktasta mynd femínískra kenninga. Einnig segir Beasley að frjálslyndur femínismi sé að öllum líkindum hófsamasta og hefðbundnasta mynd femínismans. Frjálslyndur femínismi gerir grein fyrir stöðu kvenna í samfélaginu með hliðsjón af ójafnrétti og hinum ýmsu hindrunum sem kunna að standa í vegi fyrir þátttöku kvenna í hinu almenna lífi fyrir utan heimilið.¹⁰ Samkvæmt Valerie Bryson byggir frjálslyndur femínismi á hugmyndum um það að konur séu einstaklingar sem eiga rétt á fullum mannréttindum og þær skuli þess vegna vera frjálsar til þess að velja sjálfar hvaða leið þær fara í lífi sínu og kanna sína möguleika til fulls í jafnri samkeppni við karlmenn.¹¹ Út frá því einblínir frjálslyndur femínismi á baráttu kvenna fyrir lagalegum og pólitískum réttindum sem eru nauðsynleg svo þær verði samkeppnishæfur við karlmenn á hinum almenna markaði. Sjálfsforræði og frelsi frá hömlum frá öðrum aðilum eru einnig talin mikilvæg gildi samkvæmt frjálslyndum femínisma. Frelsi frá félagslegum höftum er oft tengt við frelsi frá afskiptum ríkis og stjórnvalda en einnig má skilja það sem frelsi frá samfélagslegum hefðum og fordómum. Samkvæmt Beasley er aðalmarkmið frjálslynds femínisma að öðlast ríkisborgararétt og jöfnuður kynjanna.¹² Í samræmi við þessi gildi þá hafa frjálslyndir femínistar krafist réttar til þess að mennta sig, stunda vinnu, eiga eignir og kjósa. Markmið frjálslyndra femínista er að ná að fullu lagalegu og pólitísku jafnrétti við karlmenn og þeir halda því fram að það séu ekki einungis konur sem hagnist á því heldur einnig samfélagið í heild.¹³

Mannréttindi

Samkvæmt Chris Brown er sú hugmynd að allir fæðist með ákveðin réttindi sér evrópsk. Brown segir frá því að mannréttindum er yfirleitt skipt upp í þrjár kynslóðir. Fyrsta kynslóðin snýst um pólitísk réttindi eins og tjáningarfrelsi og frelsi til þess að koma saman og frelsi til þess að taka þátt í stjórnun lands síns, beint eða í gegnum

⁹ Chris Beasley, *What is Feminism? An introduction to feminist theory*, (London: SAGE Publications Ltd, 1999), x.

¹⁰ Beasley, *What is Feminism? An introduction to feminist theory*, 51-52.

¹¹ Valerie Bryson, *Feminist political theory: An introduction*, (London: Macmillan, 1992), 159.

¹² Beasley, *What is Feminism? An introduction to feminist theory*, 51-52.

¹³ Valerie Bryson, *Feminist political theory: An introduction*, 159.

fulltrúa sem kosnir eru í frjálsum kosningum.¹⁴ Karen A. Mingst segir frá því í bók sinni að fyrsta kynslóð mannréttinda eru réttindi sem einstaklingurinn er handhafi af og ríkið getur ekki sölsað undir sig. Mingst segir einnig frá því að John Locke ásamt fleirum hélt því fram að einstaklingar séu jafnir og sjálfstæðir samkvæmt náttúrulögum sem séu æðri bæði ríkislögum og alþjóðalögum og ríkisvaldið eigi að vera hannað til þess að vernda þessi náttúrulegu réttindi.¹⁵

Önnur kynslóð mannréttinda snýst um efnahags- og félagsleg réttindi. Þessi réttindi eru ómissandi samkvæmt Brown svo einstaklingar geti þróað sinn persónuleika og borið virðingu fyrir sjálfum sér. Um þess konar réttindi er mikið fjallað í ýmsum skjölum frá Sameinuðu þjóðunum.¹⁶ Samkvæmt Mingst þá þróuðust annarrar kynslóðar mannréttindin að stórum hluta undir fylgismönnum Marx og annara róttækra sósíalíska spekinga. Samkvæmt þeim er það hlutverk ríkisins að þróa velferð þegna sinna. Þetta sjónarmið leggur áherslu á það að ríkið útvegi einstaklingum lágmarks efnisleg réttindi. Einnig ber ríkið ábyrgð á því að tryggja félagslega velferð fyrir þegna sína og hafa einstaklingar samkvæmt því rétt til menntunar, heilbrigðismála, almannatrygginga og húsnæðis. Mingst segir að séu þessi efnahags- og félagslegu réttindi ekki til staðar þá séu pólitísk og borgaraleg réttindi að mestu merkingarlaus.¹⁷

Þriðja kynslóðin snýst um réttindi þjóða og hópa. Með hópum er til dæmis átt við: þjóðernishópa, minnihluta hópa innfæddra innan ríkis, konur eða börn. Meðal þessara réttinda eru til dæmis: réttur á öruggu umhverfi, réttur á því að lifa í friði og réttur á því að lifa við lýðræði.¹⁸ Banjul-sáttmálinn er dæmi um skjalfest samkomulag sem tekur á þessum þriðju kynslóðar réttindum. Banjul-sáttmálinn heitir öðru nafni *The African Charter on Human and Peoples' Rights* og er eins og nafnið gefur til kynna afrískur sáttmáli. Samkvæmt Banjul-sáttmálanum er þjóðum frjálst að dreifa sínum efnahags- og náttúruauðlindum og einstaklingurinn ber skyldu til þess að þjóna sínu náttúrulega

¹⁴ Chris Brown, „Human rights,” í *Globalization of World politics: An introduction to International Relations*, ritstj. John Baylis, Steve Smith og Patricia Owens, (New York: Oxford university press, 2006), 690.

¹⁵ Karen A. Mingst, *Essentials of International Relations*, 4.útg. (New York: W.W. Norton & Company, Inc.), 310.

¹⁶ Brown, „Human rights,” 690.

¹⁷ Mingst, *Essentials of International Relations*, 310.

¹⁸ Sama heimild..

samfélagi með því að leggja til sína líkamlegu og andlegu hæfileika og varðveita og styrkja jákvæð afrísk menningargildi í samskiptum við aðra meðlimi samfélagsins.¹⁹

Pólitísk réttindi eru mismunandi eftir því hvort um er að ræða réttindi sem eru bundin í stjórnarskrá eða ekki. Ef illa er farið með einstaklinga vegna stjórnarfars í heimalandi þá bregst alþjóðasamfélagið sjaldan við nema þá að almenningsálitið sé jákvætt gagnvart afskiptum.²⁰ Femínistar hafa gagnrýnt ákvæði í hinum ýmsu yfirlýsingum og sáttmálum sem að þeirra mati gera ráð fyrir hefðbundnum kynjahlutverkum. Brown bendir á að einnig hafi alþjóðleg mannréttindi mætt mótstöðu frá gagnrýnendum sem benda á vestrænt, karllægt og ófrjálslynt eðli þeirra.²¹ Barbara Stark segir frá því að sérstök mannréttindalög hafi komið fram á sjónarsviðið eftir seinni heimsstyrjöld. Kyn, eins og kynþættir hafa verið hluti af þróun mannréttinda frá byrjun. En þrátt fyrir að jafnrétti kynjanna sé auðvelt að setja sem lögmál, þá hefur reynst erfiðara að framfylgja því.²²

Lög og venjur á MENA svæðinu

Meðal íbúa Arabalandanna finnast ýmsar stéttir og þjóðfélagshópar. Þar má nefna: kynþátta- og þjóðfélagshópa, trúarsamtök, mismunandi þjóðernishópa, dreifbýlisbúa og borgarbúa og svo einnig tungumála samfélög. Í allri umræðu um kynin á MENA svæðinu þarf fyrst að taka tillit til gríðarlegrar fjölbreytni á milli svæða.²³

Í grein eftir Valentine M. Moghadam kemur fram að niðurstöður fræðilegra rannsókna á áhrifum sem stefnur stjórnvalda geta haft á samfélagið, hafa bent til þess að viðvarandi ójöfnuður sé til staðar á milli kynja á MENA svæðinu. Þessar rannsóknir hafa einnig bent til þess að þessi ójöfnuður standi í vegi fyrir bæði mannlegri og efnahagslegri þróun á svæðinu.²⁴

¹⁹ Brown, „Human rights,” 690-691.

²⁰ Brown, „Human rights,” 699.

²¹ Brown, „Human rights,” 692.

²² Barbara Stark, „Gender and Human Rights,” *The American Journal of International Law* 99 (2005): 947. nr. 4 (2005).

²³ Suad Joseph og Susan Slymovics, *Women and power in the Middle East* (Philadelphia: University of Pennsylvania Press, 2001), 1.

²⁴ Valentine M. Moghadam, „Feminism, legal reform and women’s empowerment in the Middle East and North Africa,” *International Social Science Journal* 59 (2008): 9.

Moghadam bendir á það að á sumum svæðum er mismunun kvenna beinlínis staðfest í lögum. Það eru þá helst lög um fjölskylduna, lög um stöðu einstaklinga og hegningarlög sem um ræðir. Í öllum löndum á MENA svæðinu, að undanskildu Tyrklandi og Túnis, eru lög um fjölskylduna byggð að hluta til eða þá að öllu leyti á Sharía lögnum. Samkvæmt hefðbundnum túlkunum á Sharía lögnum þá eru konur og karlar aðgreind og konan er vanalega í hlutverki ólögráða og ósjálfbjarga einstaklings.²⁵

Þó svo að enginn hluti heimsins sé laus við heimilisofbeldi þá er staðan einna verst í Mið-Austurlöndum. Eins og kemur fram í skýrslu Freedom House frá árinu 2010 þá er skortur á lögum í næstum öllum löndum á MENA svæðinu sem vernda fórnarlömb og refsa gerendum heimilisofbeldis. Líkamlegt ofbeldi er almennt bannað en af öllum þeim 18 löndum sem rannsökuð voru í skýrslunni eru það aðeins Túnis og Jórdanía sem hafa sérstakt ákvæði um heimilisofbeldi, en ekkert landanna tekur á sambandsnauðgunum (*spousal rape*). Aðrir þættir sem hafa áhrif á það hversu slæmt heimilisofbeldi er á þessu svæði eru skortur á ábyrgð dómsvalda og heiður fjölskyldunnar. Samfélagslega séð þá eru það fórnarlömbin frekar en gerendurnir sem fá á sig smánarblett við opinberun slíkra mála.²⁶

Að Sádí Arabíu undanskildu þá hafa öll ríki á MENA svæðinu ákvæði í stjórnarskrám sínum sem eiga að tryggja jafnræði þegna þeirra. Sérstök ákvæði sem kveða á um jafnræði á milli kynjanna hafa verið innleidd í Alsír, Barein, Írak, Líbýu, Óman, Palestínu, Katar, Sýrlandi og Túnis. Þótt stjórnarskrár Egyptalands, Jórdan, Líbanon, Kúveit, Marokkó, Sameinuðu arabísku furstadæmanna og Jemen hafi ekki sérstaka klausu sem tekur til jafnræði kynjanna, þá er ákvæði í stjórnarskrám þeirra landa sem segir að „allir þegnar séu jafnir fyrir lögum”.²⁷

Burtséð frá réttindum sem að sögn eiga að vera tryggð samkvæmt stjórnarskrá, þá kemur fram í skýrslu Freedom House að konur á MENA svæðinu hafa staðið frammi fyrir kerfisbundinni lagalegri mismunun sem getur snert allar hliðar lífs þeirra. Til

²⁵ Moghadam, „Feminism, legal reform and women’s empowerment in the Middle East and North Africa,” 10.

²⁶ Breslin og Kelly, 2010.

²⁷ Sama heimild.

dæmis, í flestum landanna 18 hefur kona ekki sömu stöðu sem þegn og ríkisborgari og karlmaður. Karlmanni er frjálst að kvænast erlendri konu og sú kona fær þá ríkisborgararétt eiginmanns síns og nýtur ríkisþjónustu sem því fylgir. Hins vegar getur kona sem giftist erlendum manni ekki „gefið“ honum sinn ríkisborgararétt né börnum sem þau kunna að eignast.²⁸

Í skýrslu Freedom House er greint frá því að á síðustu fimm árum hafa nokkur ríki breytt sínum lögum svo að konur geti „gefið“ erlendum eignmönnum sínum og börnum sem þau eignast saman ríkisborgararétt sinn. Í Alsír, Írak og Túnis geta konur sótt um þetta hjá viðeigandi ráðuneyti, en karlmenn þurfa ekki sérstakt leyfi til þessa. Í Egyptalandi voru einnig gerðar breytingar á lögum um þjóðerni þar sem börnum og erlendum eiginmönnum egypskra kvenna var gert heimilt að fá egypskan ríkisborgararétt, en þessi lög hafa samt ákvæði um það að þessi börn megi ekki ganga í herinn, gerast lögreglumenn eða gegna ýmsum opinberum stöðum. Í apríl 2008 gengu í gildi ný lög í Marokkó þar sem konum sem giftar eru erlendum mönnum var heimilað að „gefa“ börnum sínum marokkóskan ríkisborgararétt ef hjónabandið uppfyllir skilyrði samkvæmt lögum í Marokkó. Þessar breytingar eru samkvæmt skýrslunni álitnar stórt skref fram á við.²⁹

Þegar mismunun kynjanna er studd með lögum og venjum þá getur reynst ansi strembið að taka á því. Lönd og svæði eru hins vegar misjöfn svo ekki hægt að alhæfa einstaka þætti yfir allt MENA svæðið. Í næstu þremur köflum verður fjallað um lögin um fjölskylduna (*Family law*), lögin um stöðu einstaklings (*The personal status code*) og feðraveldið.

Lög um fjölskylduna

Í samfélögum á MENA svæðinu er það fjölskyldan sem er kjarninn en ekki einstaklingurinn. Hún er talin kjarninn í pólitískum, efnahagslegum, félagslegum og trúarlegum skilningi. Þessi mikilvæga staða fjölskyldunnar innan samfélagsins er svo staðfest í stjórnarskrá margra Araba og múslimaríkja en það undirstrikar að mati Joseph

²⁸ Breslin og Kelly, 2010..

²⁹ Sama heimild.

og Slymovics að það sé fjölskyldan, en ekki einstaklingurinn, sem er grunneining samfélagsins. Þetta endurspeglast svo í næstum því öllum hliðum stjórn málalegs raunveruleika. Einnig viðurkennir efnahagslífið þetta á marga vegu eins og til dæmis með ráðningu starfsmanna, launum og hlunnindum. Aðgang að stofnunum, atvinnu og ríkisþjónustu þarf oft að sækja í gegnum fjölskyldutengsl. Miðlægi fjölskyldunnar gagnvart samfélagslegum, efnahagslegum, stjórn málalegum og trúarlegum þáttum lífsins hefur gífurleg áhrif á samskipti kynjanna.³⁰

Í skýrslu Freedom House kemur fram að konur þurfi víða að hafa forsjáraðila sinn viðstaddan, eða þá fá hann til þess að skrifa undir til þess að geta gengið í hjónaband. Þetta takmarkar verulega frelsi kvenna til þess að velja sér maka sjálfar.³¹ Í grein Moghadam kemur fram að samkvæmt Sharía lögum þá geta karlmenn tekið einhliða ákvörðun um skilnað. En samkvæmt lögum þá ber eiginmanninum að greiða konu sinni ákveðna peningaupphæð, sú greiðsla er kölluð *Mahr*. Upphæð *Mahr* er samkomulag beggja fjölskyldna. Stundum er þessi greiðsla reidd af hendi við upphaf hjónabands eða þá á meðan á því stendur en yfirleitt er því frestað og *Mahr* greitt út ef til skilnaðar kemur. Eiginmanni ber lagaleg skylda til þess að sjá fyrir konu sinni og börnum, ef það mistekst þá gefur það konunni ástæðu til þess að sækja um skilnað. Það má þó velta því fyrir sér hversu oft það hefur gerst og verið samþykkt fyrir dómstólum. Í staðinn fyrir fjárhagslegan stuðning eiginmanns síns þá þarf konan að hlýða manni sínum. Við skilnað teljast heimili og börn til eigna karlmannsins. Þetta er raunin vegna undirliggjandi feðraveldisgilda og stöðu eiginmannsins sem forsjáraðila konu sinnar. Ætlast er til þess að fráskilin kona fari annaðhvort aftur heim til föður síns eða þá sjái sér sjálf farborða. Það getur svo aftur verið snúið vegna þess að það er háð samþykki föður hennar hvort hún yfirhöfuð megi reyna að sjá fyrir sér sjálf.³²

Dæmi um umbætur á lögum um fjölskylduna má finna í Marokkó árið 1993 og svo aftur árið 2004. Moghadam segir frá því að þrátt fyrir mikla mótstöðu þá hafi nokkrar lagaumbætur komist í gegn árið 1993. Þær tóku eins og áður segir til laga um

³⁰ Suad Joseph og Susan Slymovics, *Women and power in the Middle East*, 1-2.

³¹ Breslin og Kelly, 2010.

³² Moghadam, „Feminism, legal reform and women’s empowerment in the Middle East and North Africa,” 11.

fjölskylduna sem í Marokkó eru kölluð *Moudwana*. Þær voru að stórum hluta tilkomnar vegna femínískra herferða og takmörkuðu meðal annars yfirráð karlkyns forsjáraðila (*wilaya*) ásamt því að leggja áherslu á það að kona þyrfti að gefa samþykki sitt á ráðahag sinn. Einnig fólst það í þeim að kona sem er eldri en 21s árs og á ekki föður getur séð sjálf um gera sinn hjúskaparsáttmála án forsjáraðila. Annað dæmi frá umbótunum er að eiginmönnum var gert skylt að láta konu sína vita af því ef þeir hygðust taka sér aðra eiginkonu. Enn fremur var móður veittur lagalegur réttur til þess að verða forsjáraðili barns síns ef faðir þess fellur frá. En á sama tíma þá virtist sem ofbeldi og áreitni gagnvart konum væri að aukast.³³ Árið 1998 var skipaður framfarasinnaður forsætisráðherra í Marokkó og einnig ráðherra málefna kvenna og fjölskyldna. Í kjölfarið var sett á laggirnar aðgerðaráætlun fyrir sameiningu kvenna í þróun, sem meðal annars fól í sér breytingar á *Moudwana*. Þær breytingar voru sagðar í þágu mannréttinda og þróunar samfélagsins. Stöðug mótspyrna frá bókstafstrúarhópum gerði það að verkum að áætlunin var sett í bið.³⁴ Árið 2002 réði Mohammad VI konungur sér ráðgjafa sem átti að ráðleggja honum í sambandi við lög um fjölskylduna, en konungurinn var mjög hlynntur kvenréttindum.³⁵ Árið 2004 samþykkti marokkóska þingið breytingar á lögum um fjölskylduna sem kváðu meðal annars á um að lágmarksgiftingaraldur yrði 18 ár, lögmálið um jafnræði með kynjum, sameiginlegt forræði yfir börnum og jafna skyldur innan heimilisins, feðrun barna hvort sem þau fæðast innan hjónabands eða utan, að skilnaður fari fram með samþykki beggja aðila og að dómstólar og þar til gerður fjölskylduréttur sjái um meðferð allra fjölskyldutengdra mála.³⁶

Samkvæmt Moghadam er marokkóska tilvikið eftirtektarvert dæmi um það hvernig talsmenn kvenréttinda geta byggt upp bandalög sem koma af stað umtali í samfélaginu, leggja grunninn að mikilvægum pólitískum umræðum og hjálpa þannig til við að breyta lögum og almennum stefnum. Marokkó er nú í hópi með Túnis og Tyrklandi sem einu löndin á MENA svæðinu þar sem eiginmaðurinn og eiginkonan deila ábyrgð og

³³ Moghadam, „Feminism, legal reform and women’s empowerment in the Middle East and North Africa,” 13.

³⁴ Sama heimild.

³⁵ Sama heimild.

³⁶ Moghadam, „Feminism, legal reform and women’s empowerment in the Middle East and North Africa,” 14.

skyldum fjölskyldunnar.³⁷ Alsír fylgdi fordæmi Marokkó og breytti lögum um fjölskylduna árið 2005, þar voru völd og sjálfsforræði kvenna aukin verulega innan fjölskyldunnar. Meðal annars þá segja þessi nýju lög til um að þvinguð hjónabönd séu bönnuð og ákvæðið um það að eiginkona þurfi að hlýða eiginmanni sínum var fjarlægð.³⁸

Í skýrslu Freedom House kemur fram að það hafa verið gerðar mjög fáar rannsóknir á eðli og umfangi heimilisofbeldis í Mið-Austurlöndum en heimilisofbeldi er samt sem áður talið algengt í öllum löndum á svæðinu. Meginástæða er að á MENA svæðinu er heimilisofbeldi yfirleitt haldið innan veggja fjölskyldunnar. Mörgum konum finnst þær ekki geta rætt aðstæður sínar án þess að setja blett á heiður fjölskyldunnar og sitt eigið orðspor í leiðinni. Þar af leiðandi eru það mjög fáar konur sem gera tilraun til þess að kæra til lögreglu. Ef þær ákveða að leita eftir vernd lögreglunnar, þá rekast þær oftan ekki á lögregluþjóna sem eru tregir við að blanda sér inn í mál sem eru talin fjölskyldumál, og hvetja til þess að leita sátta frekar en lagalegra aðgerða. Í Sádí Arabíu gera lög um forsjáraðila það sérstaklega erfitt fyrir konur sem brotið hefur verið á að finna griðarstað. Til dæmis vitnar skýrslan í mál þar sem stúlka leitaði eftir vernd lögreglunnar eftir að hafa verið misnotuð kynferðislega af föður sínum, en henni var sagt að fara og koma aftur með föður sinn svo hann gæti lagt inn kærana. Hægt er að velta því fyrir sér hversu miklar líkur séu á því að þetta mál hafi farið í gegnum réttarkerfið. Í Íran, Kúveit og Jemen er ekki að finna eitt einasta athvarf eða stuðningsmiðstöð fyrir fórnarlömb heimilisofbeldis.³⁹

Moghadam segir frá því að íslamskir femínistar hafa skoðað Kóraninn í þeim tilgangi að þróa nýja útgáfu af lögum um fjölskylduna. Þessir íslömsku femínistar trúa því að Íslam sé í eðli sínu jafnréttissinnað og að sá hluti af Sharía lögum sem bundinn er við umrædd lög hafi verið túlkaður af mönnum sem aðhylltust karllæg gildi og feðraveldiskenningar.⁴⁰ En Moghadam vekur einnig athygli á því að aðal spurningin sé sú, að

³⁷ Moghadam, „Feminism, legal reform and women’s empowerment in the Middle East and North Africa,” 14.

³⁸ Breslin og Kelly, 2010.

³⁹ Sama heimild.

⁴⁰ Moghadam, „Feminism, legal reform and women’s empowerment in the Middle East and North Africa,” 12.

þegar konur öðlast aukin réttindi eins og gerðist í Marokkó, verður þeim almennt kunnugt um þessi réttindi? Munu þær geta nýtt sér þessi réttindi til fulls ef þörf krefur? Enn fremur, hvernig mun dómskerfið aðlaga sig að þessum breytingum?⁴¹

Ljóst er að konum er sannarlega mismunað á grundvelli laga um fjölskylduna. Fjölskyldan er grunneining samfélagsins og karlmaðurinn er höfuð fjölskyldunnar. Hann hefur því forsjá bæði með konu sinni og börnum. Konur ganga því frá beinlínis frá feðrum sínum til eiginmanna sinna.

Lög um stöðu einstaklinga

Í grein eftir Janice Duddy segir frá því að í lögum í löndum á MENA svæðinu megi finna sérstakt lagasafn um stöðu einstaklinga. Samkvæmt því lagasafni eru konur ósjálfstæðar, það eru karlmenn sem eru þegnar landsins og konurnar eru svo þegnar karlkyns forsjáraðila sinna.⁴²

Í grein Duddy segir að þessi kynferðislega mismunun sem er til staðar á MENA svæðinu eigi rætur að rekja til ramma laganna, en það eru löggin sem stjórna því hver telst þegn ríkisins og einnig hver hefur rétt til þess að verða ríkisborgari. Þar sem konur geta þær ekki „gefið“ barni sem þær hafa gengið með í níu mánuði ríkisborgararétt sinn eins og komið hefur fram eru þær í raun hálfir ríkisborgarar eða annars flokks ríkisborgarar. Þetta er alvarlegt brot á mannréttindum, kvenréttindum og einnig rétti barnanna.⁴³ En börn sem koma frá hjónaböndum þar sem faðir þess er erlendur aðili þurfa sérstakt búsetuleyfi sem þarf að endurnýja á hverju ári svo þau geti sótt menntun, skólstyrki til háskólanáms eða fengið vinnu.⁴⁴ Með aukinni hnattvæðingu, fátækt og

⁴¹ Moghadam, „Feminism, legal reform and women’s empowerment in the Middle East and North Africa,” 14.

⁴² Janice Duddy, “REPORTS FROM AROUND THE WORLD: MIDDLE EAST AND AFRICA; THE ARAB WORLD; WOMEN DEPRIVED OF CITIZENSHIP RIGHTS,” *WIN News* 28, nr.4 (2002), <http://proquest.umi.com/pqdweb?index=9&did=592593531&SrchMode=2&sid=2&Fmt=3&VInst=PRO D&VType=PQD&RQT=309&VName=PQD&TS=1300732903&clientId=58117> (sótt 21.mars 2011).

⁴³ Janice Duddy, “REPORTS FROM AROUND THE WORLD: MIDDLE EAST AND AFRICA; THE ARAB WORLD; WOMEN DEPRIVED OF CITIZENSHIP RIGHTS,” 2002.

⁴⁴ Breslin og Kelly, 2010.

auknum búferlaflutningum má teljast mjög líklegt að aukning verði í hjónaböndum á milli fólks af mismunandi þjóðerni.⁴⁵

Ef skoðuð eru svokölluð borgaralög þá finnast þar dæmi um mismunun þar sem ekki er endilega við henni að búast. Borgaralögin eru lög sem byggja ekki Sharía lögunum, þ.e. þau eiga ekki uppruna sinn úr trú. Duddy bendir á að sem dæmi um þetta megi nefna mismunun kynjanna innan félagsþjónustu. Lagalega þá hafi konur ekki möguleika á því að verða höfuð heimilis, þær geti ekki séð fjölskyldu sinni fyrir farborða. Sú vinna sem konur leggja af mörkum er einungis til þess fallin að mynda heild með eiginmanni sínum en gæti ekki nægt ein og sér. Hegningarlög sumra landa á MENA svæðinu bera svo með sér augljósa mismunun kynjanna samanber heiðursmorð og framhjáald.⁴⁶ Heiðursmorð eru öfgakenndasta dæmið um heimilisofbeldi. Heiðursmorð eru skilgreind í skýrslu Freedom House sem það þegar kona er drepin af fjölskyldu meðlim fyrir það að vera grunuð um að stunda iðju sem talin er setja blett á heiður fjölskyldunnar eins og til dæmis að stunda kynlíf utan hjónabands. Gerendur heiðursmorða dvelja yfirleitt stuttan tíma í fangelsi vegna ákvæða í lögum sem mæla til fyrir vægð ef um ástríðuglæpi er að ræða. Jórdanía og Síryland hafa þó nýlega hert refsingar fyrir gerendur heiðursmorða.⁴⁷

Eins og áður kom fram þá er þátttöku kvenna í samfélaginu er oft miðlað og hún ákvörðuð í gegnum eiginmenn, feður, bræður eða aðra karlkyns ættingja þeirra. Staða konunnar sem ósjálfráða einstaklingur er oft notuð til þess að réttlæta flokkun þeirra sem annars flokks þjóðfélagsþegn. Moghadam segir frá því að ef skoðuð er hefðbundin túlkun á Sharía lögunum þá þurfa konur samkvæmt þeim ekki einungis samþykki forsjáaraðila síns til þess að kvænast, heldur einnig til þess að mega sækja um vinnu, stofna fyrirtæki, ferðast eða jafnvel opna bankareikning fyrir börnin sín. Sem dæmi má nefna að í Íran og Jórdaníu þá getur karlmaður, samkvæmt lögum, bannað konu sinni eða ógiftri dóttur að sækja um vinnu eða þá að dvelja við vinnu. Til eru dæmi um konur sem óska eftir því að sett sé ákvæði um það að þeim sé frjálst að vinna inn í

⁴⁵ Janice Duddy, "REPORTS FROM AROUND THE WORLD: MIDDLE EAST AND AFRICA; THE ARAB WORLD; WOMEN DEPRIVED OF CITIZENSHIP RIGHTS," 2002.

⁴⁶ Sama heimild.

⁴⁷ Breslin og Kelly, 2010.

hjónabandssáttmálann, en þær konur eru þá yfirleitt menntaðar og vel meðvitaðar um réttindi (eða öllu heldur skort á réttindum) sín. Hjónabandssáttmáli er skjal sem þarf að undirrita af báðum aðilum fyrir brúðkaup og segir til um skilmála hjónabandsins. En það eru mun fleiri konur sem gera þetta ekki og þegar deilt hefur verið um slík mál fyrir rétti þá dæma dómstólar nánast alltaf eiginmanninum í hag.⁴⁸

Í grein Moghadam kemur fram að árið 2000 þá samþykkti egypska þingið ný lög sem voru tengd lögunum um stöðu einstaklings. Þau lög eru kölluð *Khula* og segja til um það að ef að kona sækist eftir skilnaði við eiginmann sinn þá fyrirgeri hún öllum sínum fjárhagslega rétti. En þetta getur reynst mikil hindrun fyrir margar konur sem gætu hugsað sér að sækja um skilnað, þá sérstaklega þær sem þéna lítið eða jafnvel ekki neitt sjálfar.⁴⁹

Í niðurstöðum skýrslu Freedom House kemur fram að ójöfnuður kynjanna er einna sýnilegastur ef skoðuð eru lög um stöðu einstaklinga. Þau lög gefa það til kynna að konur séu óæðri karlmönnum innan hjónabandsins og fjölskyldu, karlmenn séu höfuð heimilisins og í mörgum tilfellum er konum beinlínis gert að hlýða eiginmanni sínum. Í Sádi Arabíu eru ekki í gildi nein sérstök lög um stöðu einstaklinga eins og í hinum ríkjunum svo dómarrar þar geta tekið ákvarðanir í málum sem varða fjölskylduna byggða á sinni eigin túlkun á Sharía lögunum.⁵⁰

Konum er mismunað gagnvart lögum um stöðu einstaklinga. Þær eru ósjálfstæðar og geta ekki „gefið” börnum sínum né eiginmönum ríkisborgararétt sinn. Fyrir einungis 11 árum voru samþykkt *Khula* lögin í Egyptalandi svo það virðist sem að berjast þurfi fyrir því að ný lög sem ýta undir ójöfnuð kynjanna verði ekki samþykkt eins og að berjast þarf fyrir breytingum á þeim lögum sem fyrir eru. Heiðursmorð eru enn við lýði á MENA svæðinu. Það að geta drepið dóttur sína, systur eða frænku vegna þess að hún

⁴⁸ Moghadam, „Feminism, legal reform and women’s empowerment in the Middle East and North Africa,” 10.

⁴⁹ Moghadam, „Feminism, legal reform and women’s empowerment in the Middle East and North Africa,” 11.

⁵⁰ Breslin og Kelly, 2010.

eigi að hafa sett smánarblett á fjölskyldu sína finnst má líta á sem dæmi um hversu mikið venjur og hefðir eru í hávegum hafðar í samfélögum á svæðinu.

Feðraveldið

Í grein eftir Þorgerði Einarsdóttur segir frá því að breski félagsfræðingurinn Sylvia Walby skilgreinir kynjakerfi sem félagslegt yfirráðakerfi þar sem karlar njóta góðs af kerfisbundinni undirskipun kvenna.⁵¹ Samkvæmt skýrslu Freedom House er kynjakerfið á MENA svæðinu byggt upp og það mótað af feðraveldi og stofnunum sem einkennast af feðraveldi og hefur það mikil áhrif á þjóðfélagslega stöðu einstaklinga. Femínískir fræðimenn hafa haldið því fram að feðraveldi sé ein af aðalhindrunum, jafnvel aðalhindrunin, í því að ná fram jafnrétti kynjanna og lýðræði í Arabaheiminum.⁵² Joseph og Slymovics benda á að feðraveldið hyglist karlmönnum og eldri borgurum (þar með töldum eldri konum) og er það réttlætt með tilliti til skyldleika. Konum er gjarnan kennt að virða og hlýða föður sínum, bróður, afa og ömmu, móður eða föðurbróður og í sumum tilvikum jafnvel syni systkina foreldra sinna. Ungu fólki er kennt að bera virðingu fyrir og hlýða eldri ættingjum. Það að vera öðrum æðri vegna kyns og aldurs eykur vald og yfirráð eldri karlmanna enn frekar að mati Joseph og Slymovics, þó svo að eldri konur hafi líka einhverskonar vald yfir þeim sem eru yngri en þær sjálfar. Samt sem áður þá hafa karlmenn sem eru komnir á fullorðinsaldur yfirleitt meiri völd og yfirráð en konur sem eru jafnvel enn eldri en þeir.⁵³

Feðraveldið stuðlar að ætterni í karllegg (*patrialinity*), búsetu á föðurslóðum (*patrilocality*), það er þegar fjölskyldan velur sér búsetu nálægt ættingjum karlmannsins) og innræktun. Ætterni í karllegg þýðir það að aðeins faðir barns getur gefið því ætterni og uppruna en ekki móðirin. Ætterni gengur því áfram í gegnum syni sem bera ábyrgð á því að ættin deyi ekki út. Jafnframt eru það karlmenn sem bera ábyrgð á skyldmönnum sínum samkvæmt feðraveldinu og það gerir syni því enn mikilvægari en dætur samkvæmt Joseph og Slymovics. Æskilegasta útfærslan í þessari

⁵¹ Þorgerður Einarsdóttir, „Kynjakerfið. Úrelding í augnsýn eða viðvarandi kynjahalli?“ í *Rannsóknir í Félagsvísindum VII. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2006*, ritstj. Úlfar Hauksson, (Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2006), 445.

⁵² Suad Joseph og Susan Slymovics, *Women and power in the Middle East*, 2.

⁵³ Sama heimild.

menningu er sú að kona tengist ætt föður síns áfram eftir að hún giftist fremur en að tengjast ætt eiginmanns síns. Þetta er þó aðeins flóknara í raunveruleikanum því stundum geta ættingjar í móðurætt verið mikilvægari en þeir í föðurætt þegar kemur að pólitískum ítökum eða stöðu innan samfélagsins. Einnig getur það verið þannig að föðurættin uppfyllir ekki þær skyldur sem eru æskilegar samkvæmt menningunni. Vegna pólitísku og efnahagslegs þrýstings frá alþjóðasamfélaginu á síðustu öld hefur umfang ætternis í karllegg minnkað á mörgum stöðum á MENA svæðinu, sérstaklega í stórborgum. Breytingin er þess háttar að fjölskyldan hefur orðið meira sameiginleg, það er börnin ganga einnig inn í ætt móður sinnar. Raunin er því sú að þó að þessi samfélagsfyrirmynd að börn gangi einungis inn í ætt föður síns sé enn í hávegum höfð þá eru við lýði margvísleg fjölskyldumynstur nú til dags.⁵⁴

Vegna ríkjandi feðraveldisgilda í bland við ætterni í karllegg er vald karlmannna yfir kvenmönnum innan ættar sinnar gífurlegt. Föðurbróðir getur haft yfirráð yfir börnum systkina sinna eins og karlkyns systkinabarn getur haft yfirráð yfir kvenkyns frænkum sínum. Joseph og Slymovics segja frá því að á svæðum sem feðraveldi og ætterni í karllegg mætast má búast við því að þar finnist fleiri karlmenn sem hafa einhverskonar vald yfir konum. Eftir að þar giftir sig þá er það æskilegt að þau velji sér búsetu nálægt fjölskyldu karlmannsins. En í nútímanum þá myndu flestir íbúar á MENA svæðinu ekki viðurkenna þetta sem venju lengur. Búseta eftir hjónaband virðist í dag ráðast meira af efnahagslegum og samfélagslegum aðstæðum. Joseph og Slymovics hafa komist að því að búseta á föðurslóðum getur ýtt undið vald karlmannna yfir konum en hins vegar þá getur það vegið upp á móti því ef því er blandað saman við innræktun.⁵⁵ Með innræktun er hér átt við það menningarfyrrbrigði þegar reynt er að gifta ungmenni öðrum aðila innan föðurfjölskyldunnar. Þar með þykir nánast hægt að ganga út frá því að báðir aðilar séu sömu trúar, af sama kynþætti og sömu þjóðar jafnframt því að vera sömu ættar. Báðir aðilar hafa því sínar fæðingarfjölskyldur nálægt ef innræktun fer saman við búsetu á föðurslóðum. Þvinguð hjónabönd eru enn þá algeng í þessum heimshluta en eru þó algengari í afskekktari þorpum og útsveitum en í stórborgum. Einnig eru þess háttar hjónabönd óalgengari á meðal menntaðrar milli- og yfirstéttar. Eins og gefur að skilja þá

⁵⁴ Suad Joseph og Susan Slymovics, *Women and power in the Middle East*, 3.

⁵⁵ Sama heimild..

eru þvinguð hjónabönd frekar samningar á milli tveggja fjölskyldna en sáttmálar á milli tveggja aðila.⁵⁶

Samkvæmt skýrslu sem gerð var á vegum Sameinuðu þjóðanna þá viðgengst það í mörgum Arabalöndum að barnungar stúkur eru giftar mönnum sem eru mun eldri en þær. Hjónabönd og þungun á unga aldri ógna heilsu móður og barns og eykur vanmátt kvenna gangvart ofbeldi. Að auki þá leiða hjónabönd þar sem brúður er á barnsaldri oft til skilnaðar, sundrun fjölskyldu og lélegs uppeldi barna. Hjónabönd á barnsaldri geta einnig leitt til snemmbúna barneigna og mikillar frjósemi sem getur sett mark sitt á heilsu ungra mæðra og barna þeirra. Einnig eru táningsbrúðir ólíklegari til þess að vera meðvitaðar um getnaðarvarnir og hættu á kynsjúkdómasmiti og þær eiga meiri hættu á því að verða kúgaðar af ofbeldishneigðum mökum. Af þessum ástæðum þá einkennast þau hjónabönd sem börn og unglingar halda af stað í oftari en ekki af persónulegu óöryggi stúlkanna sem eiga í hlut. Þó svo að hjónabönd á barnsaldri fari minnkandi í Arabalöndum þá er fjöldi giftra táningsstúlkna gífurlegur í sumum löndum.⁵⁷

Samkvæmt skýrslu Freedom House eiga þeir þættir sem hindra þátttöku kvenna í venjulegu lífi sér yfirleitt menningarlegar rætur. Stjórnámál eru álitin vettvangur karlmanna og kvenkyns leiðtogar þurfa að búa sig undir það að mæta fjandsamlegu viðmóti frá öflum sem streitast á móti því hafa kvenkyns stjórnendur. Til dæmis þá gaf hópur bókstafstrúarmanna í Jemen sem kallast *Salafist Clerics* út handbók sem færir rök fyrir því (að þeirra mati) að kynjakvótar í stjórnámálum séu ekki af hinu góða, meðal annars þá telja þeir kynferðislega ringulreið vera eina af afleiðingunum af því að hleypa konum út í efnahagslífið. Annað dæmi er frá Egyptalandi, sem telst með frjálslyndari ríkjum á þessu svæði hvað varðar kvenréttindi, en árið 2005 þá gaf fyrrverandi trúarlegur leiðtogi út yfirlýsingu þess efnis að samkvæmt sinni sannfæringu þá ætti konu ekki að vera mögulegt að gerast forseti.⁵⁸

⁵⁶ Suad Joseph og Susan Slymovics, *Women and power in the Middle East*, 3-4.

⁵⁷ United Nations Development Programme, *Arab Human Development Report 2009: Challenges to Human Security in the Arab Countries*, (New York: United Nations Publications, 2009), 81-82.

⁵⁸ Breslin og Kelly, 2010.

Yfirráð karla yfir konum festast enn betur í sessi með ráðandi ferðaveldisgildum eins og þeim sem lýst hefur verið í þessum kafla. Að eignast son er fýsilegri kostur en að eignast dóttur ef þessi gildi eru ráðandi. Þvinguð hjónabönd eru yfirleitt þess eðlis að ung stúlka er gefin eldri manni í hjónaband en einnig getur verið um að ræða samning á milli tveggja fjölskyldna. Það að fá ekki að ráða sínu makavali sjálfur má líta á sem verulega gróft brot á réttindum einstaklings.

Bilið á milli kynjanna

Árið 2000 var útrýming kynjaójöfnuðar sett sem þriðja af átta þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Þessi átta markmið áttu svo að vinna saman að því að bæta þróun mannkyns og útrýma fátækt. Einn þáttur sem notaður var til þess að mæla þetta markmið var hversu mörg þingsæti konur hlutu. Samkvæmt tölfræðideild Sameinuðu þjóðanna þá voru lönd á MENA svæðinu mjög aftarlega á merinni hvað það varðar en þó hafði framfara orðið vart í nokkrum löndum. Bilið á milli réttinda kvenna og karla er stærst í löndum á MENA svæðinu og þar er einnig mesta mótspyrnan við því að loka því. Sú mótspyrna er bæði innbyggð í samfélagsgerðina og kemur einnig frá ýmsum öflum innan samfélagsins.⁵⁹

Skýrsla samtakanna World Economic Forum (WEF) sem ber titilinn *The Global Gender Gap Report* fjallar um bilin á milli kynjanna og var gerð með það í huga að hægt yrði að bera saman tölur um stöðu kvenna í heiminum á milli ára. Skýrslan frá 2010 tekur gögn frá síðustu fimm árum saman og reynir að sýna fram á þróun mála á skiljanlegan hátt. Það er von þeirra sem standa að skýrslunni að hún kalli á aðgerðir í alþjóðasamfélaginu ásamt því að leggja til þekkingu og aðföng til þess að ná fram árangri í því að eyða ójöfnuði á milli kynjanna hraðar. Það er álit þeirra sem standa að skýrslunni að þessi ójöfnuður hafi í för með sér gífurlegt tjón fyrir alþjóðasamfélagið og efnahagslífið.⁶⁰

Guy Dresser tók viðtal við Ricardo Hausmann sem er einn af höfundum skýrslunnar og hann segir að löndin verði að aðlaga sig að þeirri staðreynd að hjónaband og

⁵⁹ Moghadam, „Feminism, legal reform and women’s empowerment in the Middle East and North Africa,” 10.

⁶⁰ Guy Dresser, “*Global Gender Gap*”, World Economic Forum 2010.
<http://www.weforum.org/issues/global-gender-gap/index.html> (sótt 15.febrúar).

móðurhlutverkið þurfa ekki að ganga á skjön við frama í starfi. Hausmann segir að samkvæmt rannsóknum þeirra sem standa að gerð skýrslunnar séu bilin á milli karla og kvenna að lokast að mestu hvað varðar heilsu og menntun. En í skýrslunni þá eru löndin metin út frá því hversu jöfn þátttaka kynjanna er á ýmsum sviðum, m.ö.o hversu stórt bilið er á milli kynjanna. Hausmann segir að um 96% af bilunum á milli kynjanna varðandi heilsu og 93% af bilinu á milli kynjanna varðandi menntun hefur verið lokað í öllum 134 löndunum sem rannsökuð voru í skýrslunni. Þrátt fyrir það hefur aðeins um 60% af bilinu milli kynjanna varðandi efnahagsþátttöku verið lokað. Hausmann trúir því að löndin muni taka miklum efnahagslegum framförum þegar þau fara að uppskera eins og þau sá, þ.e. þær konur skili sér alla leið út á vinnumarkaðinn sem búið er að fjárfesta í menntun og heilsu.⁶¹

Dresser tók einnig viðtal við Lauru Tyson sem er ásamt Hausmann einn af höfundum skýrslunnar og að hennar mati þá sýnir skýrslan fram á það að með því að loka bilinu á milli kynjanna þá veiti það grunn fyrir því að samfélög ríkjanna verði samkeppnishæf og nái að vaxa og dafna. Tyson segir að með því að nýta ekki til fulls helming af mannauði sínum þá sé hætt á að ríkin grafi undan möguleika sínum á því að verða samkeppnishæf í alþjóðasamfélaginu. Efnahagalegi hvatinn til þess að loka þessum bilunum á milli kynjanna er því skýr samkvæmt Tyson.⁶²

Í skýrslu Freedom House samtakanna kemur fram að mikilvæg skref hafi verið tekin á síðustu fimm árum í því markmiði að bæta stöðu kvenna á MENA svæðinu. Rannsóknir sem gerðar voru við gerð skýrslunnar leiða það í ljós að 15 af þeim 18 löndum sem skoðuð eru í skýrslunni hafa bætt sig að einhverju leyti. Meðlimaríki Persaflóasamstarfsráðsins (*Gulf Cooperation Council*) eða GCC hafa tekið mestum framförum frá árinu 2005. Annar af höfundum skýrslunnar, Sanja Kelly, telur þýðingarmesta afrekið hafa átt sér stað í Kúveit árið 2005 þegar konur öðluðust sömu pólitísku réttindi og karlmenn. Samkvæmt nýju réttindum þeirra máttu þær kjósa og bjóða sig fram til kosninga, í framhaldi af þessu tók fyrsta konan sæti á þingi árið 2009. Í Barein árið 2006 og Sameinuðu arabísku furstadæmunum árið 2008 voru í fyrsta skipti

⁶¹ Guy Dresser, 2010.

⁶² Sama heimild.

skipaðir kvenkynsdómarar. Konur hafa fengið aukin réttindi til þess að ferðast einar síns liðs í sumum ríkjum en lög sem sögðu til um að karlskyns forsjáaraðilar þyrftu að gefa leyfi sitt til þess að konu í hans umsjá yrði veitt vegabréf hafa verið afnumin í Barein, Kúveit og Katar. Utan Persaflóans hafa mestu framfarirnar átt sér stað í Alsír og Jórdaníu.⁶³

Eftir margra ára þrýsting frá kvenréttindasamtökum sem börðust fyrir því að fórnarlömb kynbundins ofbeldis öðlist lögbundna vernd, samþykkti ríkisstjórnin í Jórdaníu lög um verndun fjölskyldunnar árið 2008 og komið var á fót sérstökum dómstól árið 2009 sem tekur á málum sem varða heiðursmorð. Lögin um vernd fjölskyldunnar kveða á um sérstakar verklagsreglur sem lögregla, dómstólar og heilbrigðisstarfsmenn eiga að fara eftir þegar fórnarlömb heimilisofbeldis eiga í hlut og fyrirskipa refsingar fyrir afbrotamanninn. Jórdanía er aðeins annað landið á MENA svæðinu, á eftir Túnis, sem samþykkir lög af þessu tagi. En því miður þá hefur ekki öllum liðum þessara laga verið framfylgt.⁶⁴

Í niðurstöðum skýrslunnar sem gefin var út af Freedom House kemur fram að það séu konur í Túnis sem njóta mesta frelsisins á MENA svæðinu. Þar á eftir koma í réttri röð: Marokkó, Alsír, Líbanon, Jórdan, Palestína, Kúveit, Barein, Sýrland, Líbía, Sameinuðu arabísku furstadæmin, Írak, Katar, Óman, Íran og Jemen og Sádí Arabía reka svo lestina. Framfarir eru sjáanlegastar á sviði atvinnu, menntunar og pólitísku umboðs. Fleiri konur er komnar út á vinnumarkaðinn, eru læsar og skrá sig á námsbrautir sem hingað til hafa verið taldar óviðeigandi fyrir konur. Kvenréttindasamtök eru að verða betur skipplögð og þau eru að fá sterkari rödd. Konum er að fjölga í stöðu kjörinna pólitískra fulltrúa, oftast með aðstoð kynjakvóta. Einnig kemur fram í skýrslunni að kynbundið ofbeldi sé ein af alvarlegustu hindrunum sem konur standa frammi fyrir. Ennþá er skortur á lögum sem vernda fórnarlömb heimilisofbeldis í flestum ríkjanna á MENA svæðinu.⁶⁵

⁶³ Breslin og Kelly, 2010.

⁶⁴ Sama heimild..

⁶⁵ Sama heimild.

Í skýrslu Freedom House kemur fram að aðeins um 28% kvenna taka þátt í efnahagslífinu, sem er lægsta hlutfall í heiminum. Þó er hlutfall kvenna úti á vinnumarkaði að aukast í næstum öllum ríkjum á svæðinu og þær eru farnar að spila stærri hlutverk á vinnustöðum en þær gerðu fyrr á síðasta áratugi. Til dæmis þá hækkaði hlutfall kvenna á vinnumarkaði í Katar úr 36 í 42 prósent árið 2007. Eins hefur sama hlutfall aukist um 6 prósent í Alsír og 4 prósent í Líbýu. En ef við berum konur saman við karlmenn þá eru þær enn í mjög miklum minnihluta á vinnumarkaði. Hlutfall karla á vinnumarkaði eru frá 60 upp í 90 prósent, misjafnt eftir ríkjum. Á Persflóasvæðinu eru almennt fleiri konur á vinnumarkaði en í öðrum ríkjum á MENA svæðinu, það er hægt að skýra að hluta til vegna lægri atvinnuleysisprósentu, en þá þurfa konur ekki að keppa við karlmenn um störf. Konur á Persflóasvæðinu eru auk þess betur menntaðar. Að auki þá hafa Persaflóakonur notið góðs af stefnu stjórnvalda sem miða að því að draga úr þörfinni fyrir erlent vinnuafli, svo fyrirtæki hafa ráðið inn konur í stórum stíl til þess að uppfylla ný skilyrði sem segja til um að vinnuafli skuli vera innlent. Sem dæmi má nefna er að í Sameinuðu arabísku furstadæmunum leyfir atvinnuáráðuneytið ekki lengur erlendum aðilum að starfa sem ritara, almannatengslafulltrúar, eða mannauðssviðsstarfmenn, þar af leiðandi eru flestir nýir starfsmenn í þessum störfum konur.⁶⁶

Menntun er það svið þar sem helst er hægt að sjá stöðu kvenna fara batnandi, það er mjög mikilvægt fyrir frekari þróun í átt að meiri jöfnuði. Síðan á síðasta áratug tuttugustu aldar hefur menntun kvenna aukist í öllum 18 löndunum sem skoðuð voru í skýrslu Freedom House. Á síðustu fimm árum hefur læsi kvenna aukist um 5,3 prósent í Alsír, 6,8 prósent í Íran, 3,6 prósent í Marokkó og 5,8 prósent í Jemen. Þó svo að konur á MENA svæðinu séu yfirleitt hvattar til þess að sækja sér menntun á sviði týpískra “kvenfaga” eins og kennslu eða hjúkrunarfræði, þá hafa þær verið að sækja inn á ný svið eins og verkfræði og vísindi. Sem dæmi má nefna þá voru konur í Katar í fyrsta skipti teknar inn í deildir arkitektúrs og rafmagns-, efna- og verkfræðideildir árið 2008. Í Sádi Arabíu gáfu þrjár nýjar menntastofnanir konum kost á því að nema lögfræði árið 2007, þrátt fyrir það er þeim konum sem útskrifast sem lögfræðingar aðeins leyfilegt að vinna sem lögfræðilegir álitsgjafar annarra kvenna og mega hvorki vinna sem dómara

⁶⁶ Breslin og Kelly, 2010.

né lögmenn í dómsal. Í löndum eins og Túnis, Alsír og Egyptalandi þar sem konur hafa lengi haft tækifæri til þess að skrá sig í hvaða nám sem er hafa kennarar séð fjölgun kvenna í hefðbundnum “karlafögum” eins og stærðfræði og vísindum.⁶⁷

En þrátt fyrir þessar framþróanir þá standa enn margar hindranir í vegi fyrir því að eiginlegt jafnrétti kynjanna verði að veruleika í menntamálum. Í Kúveit og Óman þá þurfa konur að ná hærri meðaleinkunn en karlmenn til þess að komast inn í sum fög á háskólastiginu. Sem dæmi má nefna þá þurfa kvenkyns nemendur í Kúveit að ná 3,3 í meðaleinkunn til þess að komast inn í verkfræðideildina á meðan karlkyns samnemendur þeirra þurfa aðeins 2,8 (4 er hæsta einkunn). Þessi mismunun er svo skýrð þannig að það sé verið að sporna við öfugri mismunun, en 75% nema við Háskólann í Kúveit eru konur.⁶⁸

En þrátt fyrir hinar ýmsu hindranir þá hefur staða kvenna í 11 af 18 ríkjum hvað varðar kosningarétt og frelsi til þess að bjóða sig fram batnað á síðustu fimm árum. Umbætur á þessu sviði eru sérstaklega sjáanlegar í GCC löndunum. Í Óman og Barein þá hafa stjórnvöld skipað konur í auknum mæli í opinberar stöður sem ekki er kosið í, eins og störf í ráðuneytum, þ.m.t. í utanríkisþjónustu. Sádí Arabía er svo eina ríkið þar sem konur hafa hvorki kosningarétt né frelsi til þess að bjóða sig fram til kosninga.⁶⁹ Í skýrslu Freedom House kemur fram að til staðar séu margar erfiðar hindranir sem koma í veg fyrir það að konur njóti fullra pólitískra, borgaralegra, efnahagslegara og lagalegара réttinda. Hvað sem því líður þá kemur einnig fram í skýrslunni að niðurstöður rannsókna sem framkvæmdar voru við gerð hennar sýna fram á að framfarir hafa orðið á einhverjum sviðum. Það er kannski tilefni til hóflegar bjartsýni.⁷⁰

Staða einstaklinga á MENA svæðinu er enn mjög ójöfn eftir kyni. Það er helst í mennta- og heilbrigðismálum sem hagur kvenna er að vænkast. Persaflóaríkin virðast standa best af löndunum á svæðinu. Konum á vinnumarkaði er aðeins að fjölga og þá mest á Persaflóasvæðinu. Heimilisofbeldi er talið mjög algengt á MENA svæðinu og það eru

⁶⁷ Breslin og Kelly, 2010..

⁶⁸ Sama heimild.

⁶⁹ Sama heimild.

⁷⁰ Sama heimild.

nánast eingöngu konur sem eru þolendur. Mikill skortur er á lögum sem vernda fórnarlömb heimilisofbeldis. Samkvæmt skýrslu Freedom House er það konur í Túnis sem búa við mest frelsi en konur í Sádí Arabíu sem búa við minnst frelsi á MENA svæðinu.

Samanburður á löndum

Í þessum kafla verða borin saman fimm lönd á MENA svæðinu sem valin voru af handahófi. Notast verður við skýrslu World Economic Forum (WEF) og einnig skýrslu Freedom House en þær eru báðar gefnar út árið 2010. Skýrsla WEF um bil milli kynjanna metur 134 lönd á þeim grundvelli hversu jafnt auðlindum og tækifærum er deilt niður á milli kvenna og karla. Löndin eru metin samkvæmt fjórum mismunandi flokkum. Skoðaðir eru 14 mismunandi þættir í skýrslunni sem allir falla undir einhvern af þessum fjórum flokkum.⁷¹

Flokkarnir fjórir sem skoðaðir eru í skýrslu WEF eru:

1. Efnahagsleg þátttaka og tækifæri
2. Aðgangur að menntun
3. Heilsa og það að lifa af
4. Pólítískt umboð og vald⁷²

Til þess að vera tekin með í skýrslunni þá þarf að vera hægt að mæla að minnsta kosti 12 af þessum 14 þáttunum sem skoðaðir eru. Við gerð skýrslunnar árið 2010 þá komu 200 lönd til greina í byrjun vinnslu en aðeins 134 enduðu svo í skýrslunni sjálfri. Í öllum flokkum þá er besta einkunn 1 (algjör jöfnuður) og sú versta er 0 (algjör ójöfnuður).⁷³ Fyrir þessa ritgerð voru fimm lönd valin: Egyptaland, Jemen, Marokkó, Óman og Sádí Arabía og af þeim löndum þá var ekki hægt að mæla alla 14 þættina hjá einu þeirra. Það er Jemen en þar vantaði gögn fyrir einn þátt sem er „launakjör fyrir sambærilega vinnu.“ Hafa verður það í huga þegar talað er um heildareinkunn WEF en það hefur ekki áhrif á þá fjóra þætti sem skoðaðir verða sérstaklega.⁷⁴

⁷¹ Ricardo Hausmann, Laura D. Tyson og Saadia Zahidi, *The Global Gender Gap Report*. (Geneva: World Economic Forum, 2010), 4.

⁷² Guy Dresser, 2010.


⁷³ Hausmann, Tyson og Zahidi, *The Global Gender Gap Report*, 6.

⁷⁴ Hausmann, Tyson og Zahidi, *The Global Gender Gap Report*, 7.

Samkvæmt heildareinkunn í skýrslu WEF þá sitja Óman, Sýrland, Egyptaland, Marokkó, Sádí Arabía og Jemen á botninum af löndunum á MENA svæðinu. Egyptaland fer upp um eitt sæti frá því 2009 en heldur samt áfram að vera eitt af lægstu löndunum á svæðinu varðandi aðgang að menntun. Sádí Arabía er einn af hástökkvörum ársins 2010 af þeim 114 löndum sem hafa verið með í skýrslunni samfleytt frá árinu 2006. Hlutfall kvenna á vinnumarkaði þar í landi fór úr 20 í 22 prósent á milli áranna 2009-2010. Einnig hefur bilið á milli kynjanna varðandi launakjör fyrir sambærilega vinnu minnkað og hlutfall læsra kvenna hækkað í Sádí Arabíu. Hlutfall kvenna sem sækja háskólanám hefur aukist úr 35 prósentum í 37. Sádí Arabía situr samt sem áður á botninum hvað varðar pólitískt umboð og vald á MENA svæðinu með 0 í einkunn. Jemen stendur í stað í síðasta sæti yfir öll 134 löndin. Samkvæmt skýrslunni er Jemen er eina landið í heiminum sem hefur lokað minna en 50% af öllum bilunum sem mæld eru í skýrslunni. Heildareinkunn Jemen hefur farið hrakandi síðan 2008.⁷⁵


Ákveðið var að velja fjóra þætti sem skoðaðir eru í skýrslunni og bera saman fimm lönd á MENA svæðinu út frá þeim. Þrír af þessum þáttum: þátttaka í atvinnulífinu, læsi og konur á þingi, falla allir undir einn af þessum fjórum flokkum sem nefndir eru hér að ofan. En sá fjórði, fæðingar með aðstoð faglærðra heilbrigðisstarfsmanna fellur undir viðbótarupplýsingar í skýrslunni og er sá þáttur mældur í prósentuhlutfalli en ekki gefið einkunn frá 0-1 eins og hinum þremur þáttunum.

⁷⁵ Hausmann, Tyson og Zahidi, *The Global Gender Gap Report*, 27.




Heimild: Skýrsla WEF

Eins og sést á grafinu hér fyrir ofan þá eru öll löndin nokkuð jöfn þegar kemur að þátttöku í atvinnulífinu. Egyptaland fær einkunnina 0,30 í þeim þætti og er fyrir neðan meðaltal úrtaksins, sem er 0,69. Þegar talað er um meðaltal úrtaksins þá er átt við úrtak WEF sem er sem fyrir segir 134 lönd. Þar sem einkunnin 1 stendur fyrir algjöran jöfnuð kynjanna þá sést að Egyptaland á ennþá langt í land með það að ná fram jöfnuði á þessu sviði. Jemen fær einkunnin 0,28, sem er lægri en einkunn Egyptalands. Þátttaka í atvinnulífi í Jemen er því enn mjög ójöfn samkvæmt skýrslu WEF. Marokkó og Óman fá bæði einkunnina 0,34 sem er hæst af þeim fimm löndum sem borin eru saman hér en samt sem áður fyrir neðan meðaltal úrtaksins. Sádí Arabía fær svo lélegustu einkunnina af þessum fimm löndum eða 0,27. Samkvæmt þessum tölum úr skýrslu WEF þá eiga öll þessi fimm ríki það sameiginlegt að eiga stórt verkefni fyrir höndum ef jafna á þátttöku kynjanna í atvinnulífinu.




Heimild: Skýrsla WEF

Á grafinu hér fyrir ofan má sjá að löndin fimm eru ekki jöfn hvað varðar læsi og raunin var með þátttöku í atvinnulífinu. Egyptaland fær einkunnina 0,77 sem er mun betri en sú sem landið fékk fyrir þátttöku í atvinnulífinu. Egyptaland er þó enn undir meðaltali úrtaksins sem er 0,86. Jemen fær einkunnina 0,54 sem er sú lélegasta af þessum fimm löndum. Marokkó fær einkunnina 0,64 og er næst lægst af löndunum fimm. Óman og Sádi Arabía sitja svo jöfn á toppnum með einkunnina 0,90 sem er yfir meðaltali úrtaksins. Staða allra ríkjanna er því ekki jafn slæm og hún er varðandi þátttöku í atvinnulífinu. Þrjú lönd af fimm eru undir meðaltali úrtaksins á meðan hin tvö eru yfir meðaltali.



Heimild: Skýrsla WEF

Grafið sýnir að löndin eru nokkuð jöfn hvað varðar konur á þingi eins og þátttöku í atvinnulífinu. Egyptaland fær einkunnina 0,02 sem er mjög nálægt núllinu. En einkunnin 0 þýðir algjör ójöfnuður. Meðaltal úrtaksins er mjög lágt eða 0,22. Jemen fær einkunnina 0,00 sem er lágsta einkunn. Marokkó fær einkunnina 0,12 sem er sú hæsta af þessum fimm löndum. Óman og Sádí Arabía fá svo einkunnina 0,00 eins og Jemen. Samkvæmt þessum tölum úr skýrslu WEF þá er það ljóst að ríkin standa verulega illa hvað varðar fjölda kvenna á þingi. Í Egyptalandi sátu konur í tveimur af hundrað þingsætum árið 2010, í Marokkó sátu konur í tíu af hundrað þingsætum en í hinum þremur löndunum voru engar konur á þingi.



Heimild: Skýrsla WEF

Eins og áður sagði þá er þessi þáttur mældur öðruvísi en hinir þrír sem á undan komu. Grafið sýnir að löndin eru frekar ójöfn á þessu sviði og stórt bil er á milli þess hæsta og þess lægsta. Hlutfall fæðinga með aðstoð faglærðra heilbrigðisstarfsmanna í Egyptalandi er 79 prósent. Í Jemen er það einungis 36 prósent sem er lægsta hlutfallið í þessum fimm löndum. Í Marokkó er það einnig mjög lágt eða 40 prósent. Í Óman er það svo 98 prósent, sem það hæsta af löndunum fimm. Sádí Arabía stendur einnig nokkuð vel á þessu sviði með hlutfall fæðinga með aðstoð faglærðra heilbrigðisstarfsmanna 90 prósent. Ekki kom fram í skýrslunni hvert meðaltal úrtaksins er en það var handreiknað og niðurstaðan var rétt rúm 83 prósent. Jemen og Marokkó eru því langt fyrir neðan það. Einnig er Egyptland svolítið fyrir neðan meðaltal en Óman og Sádí Arabía eru fyrir ofan það.

Eins og áður kom fram þá voru 134 lönd metin í skýrslunni. Öllum löndunum er gefin ein heildareinkunn og þeim raðað í sæti eftir því. Þau lönd sem eru til skoðunar hér eru í eftirfarandi sætum: Egyptaland er í 125. sæti með einkunnina 0,590, Jemen er í 134. sæti með einkunnina 0,460, Marokkó er í 127. sæti með einkunnina 0,577, Óman er í 122. sæti með einkunnina 0,595 og Sádí Arabía er í 129. sæti með einkunnina 0,571. Óman þykir því standa best af löndunum fimm en Jemen verst. Þess má geta að Norðurlöndin raða sér í efstu sætin og Ísland er í 1. sæti með einkunnina 0,8496.

Land	Einkunn 2006/7	Breyting (2006/7-2010)	Prósentubreyting miðað við 2006/7
Egyptaland	0.5786	0.0113	2
Jemen	0.4595	0.0008	0.2
Marokkó	0.5827	-0.0060	-1
Óman *	0.5903	0.0047	0.8
Sádí Arabía	0.5242	0.0471	9

* Óman var ekki með í skýrslunni frá 2006 svo tölur eru frá 2007-2010

Heimild: Skýrsla WEF

Taflan hér fyrir ofan sýnir þróun og breytingu heildareinkunna landanna frá 2006/7 – 2010. Marokkó er eina landið sem lækkar í einkunn, um eitt prósent. Sádí Arabía hækkar svo einkunn sína um 9 prósent sem er lang mest af þessum fimm löndum. Egyptaland situr í öðru sæti með 2 prósent hækkun á sinni heildareinkunn yfir tímabilið. Einkunn Óman hefur hækkað um 0,8 prósent á tímabilinu 2007-2010 (eina landið af þessum fimm sem var ekki með í skýrslunni sem gefin var út árið 2006). Jemen er svo í fjórða og næst síðasta sæti með einungis 0,2 prósent hækkun á heildareinkunn sinni. Samkvæmt þessum upplýsingum úr skýrslu WEF hafa öll löndin nema Marokkó verið að auka jöfnuð kynjanna í heildina. Hér á eftir kemur stutt umfjöllun um hvert land fyrir sig.

Egyptaland: Í skýrslu Freedom House kemur fram að staða kvenna í Egyptalandi hefur batnað örlítið á öllum sviðum sem skoðuð eru í skýrslunni, nema í málum sem varða pólitísk réttindi. Það hafa verið tekin skref í átt að því að berjast gegn kynbundnu

ofbeldi og kynferðislegri áreitni. Lög sem banna umskurð kvenna voru innleidd árið 2008 en það er enn óljóst hvernig framfylgja eigi lögum gagnvart þessari hefð sem er útbreidd og almennt samþykkt af samfélaginu. Konur eru farnar að spila stærra hlutverk í samfélaginu en fyrsti kvenkyns borgarstjórinn tók við embætti árið 2008 og 2009 var fyrsti kvenkyns háskólarektorinn skipaður í Egyptalandi.⁷⁶

Marokkó: Í kosningunum árið 2002 komust 35 konur inn á þing í Marokkó með aðstoð nýs kvótakerfis sem stjórnmalaflokkarnir tóku upp.⁷⁷ Það virðist þó ekki vera farið eftir því enn hjá öllum flokkunum því árið 2009 voru konur á þingi einungis 10 talsins. Skýrsla Freedom House gefur til kynna að yfirgripsmiklar breytingarnar á lögum um fjölskylduna voru gerðar árið 2004 en þeim hefur verið misjafnlega vel framfylgt og margar konur, þá sérstaklega þær sem eru ómenntaðar og búa í afskekktum þorpum, standa ennþá frammi fyrir þeirri mismunun sem átti að eyða með þessum lagabreytingum. Samt sem áður þá kemur fram í skýrslunni að aðgangur kvenna að réttlæti hefur orðið auðveldari á síðustu árum. Konur mega nú ferðast án þess að fá samþykki forsjáradila síns og eru betur í stakk búnar til þess að semja um réttindi sín innan hjónabands en áður. Dæmi eru um það að konur sitji í stjórnunarstöðum fyrirtækja og félaga og þær eru einnig farnar að sækja sér menntun á hærra stigi í auknum mæli. Einhverjar framfarir hafa sést í baráttunni við heimilisofbeldi, samtök sem taka að sér vernd fórnarlamba eru að verða öflugri. Árið 2009 var innleitt kynjakvótakerfi í borgar- og sveitastjórnarkosningum sem leiddi til talsverðar aukningar kvenkyns fulltrúa á því stigi stjórnmála. En þó svo að ýmsir aðgerðarsinnar og kvenréttindahópar hafi starfað með stjórnvöldum að því að bæta réttindi kvenna, þá er eiginlegt jafnrétti kynjanna enn þá fjarlægt markmið samkvæmt niðurstöðum skýrslunnar.⁷⁸

Óman: Konur í Óman hafa í auknum mæli verið skipaðar í yfirmannastöður innan stjórnvalda, þær hafa skráð sig til þess að kjósa í stórum stíl og verða sífellt fleiri meðal frambjóðenda til þings samkvæmt skýrslu Freedom House. Samt sem áður náði engin

⁷⁶ Breslin og Kelly, 2010.

⁷⁷ Moghadam, „Feminism, legal reform and women’s empowerment in the Middle East and North Africa,” 14.

⁷⁸ Breslin og Kelly, 2010.

kona kjöri á þing árið 2007 og þykir það benda til þess að þátttaka í stjórnámálum sé lítil. Vitnisburður karla og kvenna fyrir rétti í Óman er nú jafn í flestum tilvikum með tilkomu nýrra laga um sönnunargögn. Ef þessum lögum er réttilega framfylgt þá gætu þau sett mikilvægt fordæmi fyrir Persaflóasvæðið. Árið 2008 voru í fyrsta sinn sett lög um mansal og einnig var lögum um réttindi til þess að eiga land breytt þannig að tryggja átti jafnræði á milli karlkyns og kvenkyns umsækjenda. En þrátt fyrir þessar framfarir standa konur stöðugt frammi fyrir stórfelldum lagalegum og samfélagslegum hindrunum. Til dæmis þá þurfa þær að fá skriflegt samþykki frá karlkyns ættingja til þess að geta undirgengist skurðaðgerðir.⁷⁹

Sadí Arabía: Samkvæmt niðurstöðum skýrslu Freedom House er Sadí Arabía langt fyrir neðan nágrannalönd sín í öllum flokkum hvað varðar frelsi kvenna. Sadí arabískar konur eru aðskildar frá karlmönnum, þær hafa ekki kosningarétt og geta hvorki ferðast né fengið lyf án leyfis frá karlmanni. Ójafnræði kynjanna er beinlínis byggt inn í stjórnarskrá og samfélagsgerð í Sadí Arabíu og ríkið er óaðskiljanlegt frá íslamskri trú. Þrátt fyrir þetta þá batnaði staða kvenna örlítið á síðustu fimm árum. Konur mega nema lögfræði, fá sín eigin skilríki, tékka sig inn á hótél einar síns liðs og stofna fyrirtæki án þess að sýna fram á að þær hafi ráðið karlkyns framkvæmdarstjóra. Að auki þá voru stofnaðir tveir háskólar sem bjóða upp á blandað skólakerfi, en aðeins að hluta til.⁸⁰

Jemen: Í Jemen er ættbálkaskipan ríkjandi og stjórnvöld eru iðulega undir forystu eins leiðtoga eða stjórnámálflokks. Í skýrslu Freedom House kemur fram að konur standa frammi fyrir mismunandi myndum ofbeldis og ójafnræðis, sem dæmi má nefna: heimilisofbeldi, takmarkanir á aðgang að menntun, þvinguð hjónabönd, þær geta ekki hlotið arf, skort á heilbrigðisþjónustu og umskurð kvenna. Á síðustu árum hafa verið innleiddar stefnur sem eru þvingandi fyrir andstöðuhópa og gagnrýna fjölmiðla, þetta hindrar aðgerðarsinna sem hyggjast berjast fyrir jafnrétti kynjanna. Staða kvenna hefur þó örlítið breyst til batnaðar, en konur hafa fengið inngöngu í nokkrar menntastofnanir í fyrsta skiptið og íslamski andstöðuflokkurinn *Islah* gerði hjá sér innanbúðar breytingar sem leiddu til þess að kona var í fyrsta skipti kosin til ábyrgðarstöðu. Hvað sem því

⁷⁹ Breslin og Kelly, 2010.

⁸⁰ Sama heimild.

Líður þá eru jemensk lög ennþá í eðli sínu óréttlát gagnvart konum samkvæmt skýrslu Freedom House, en í þeim er vísað til kvenna sem minni máttar og ósjálfráða einstaklinga sem þarfnast sífelldrar aðstoðar forsjáradila. Einnig er þátttaka kvenna í löggjöf og framkvæmd á lögum lítil sem engin.⁸¹

Eins og áður segir þá eru löndin fimm öll frekar jöfn hvað varðar þátttöku í atvinnulífi og fjölda kvenna á þingi. En varðandi læsi og aðstoð faglærðra heilbrigðisstarfsmanna við fæðingar má sjá mikinn mun. Við skoðun á þessum tveimur þáttum kom í ljós að Óman og Sádí Arabía standa ágætlega. Egyptaland fylgir svo á eftir en Jemen og Marokkó standa svo talsvert verr. Umfjöllunin í lokin um hvert land fyrir sig er úr niðurstöðum Freedom House skýrslunnar, í henni er verið að mæla frelsi kvenna. Samkvæmt henni situr Sádí Arabía í síðasta sæti en samkvæmt WEF skýrslunni er Jemen í því síðasta. Einhverra framfara virðist vera að gæta í öllum löndunum en þó er enn mjög langt í land ef fullkomið jafnrétti og frelsi kvenna er markmiðið.

Hvers vegna þarf að bæta stöðu kvenna?

Skýrsla World Economic Forum frá árinu 2005 færði rök fyrir því að þau lönd sem taka ekki fullt tillit til helmings af öllum hæfileikum þjóða sinna ráðstafa mannauði sínum óhagkvæmlega.⁸² Ef ríki ætla sér að verða samkeppnishæf í alþjóðakerfinu þá skiptir mannauður miklu máli í því samhengi. Kunnátta, menntun og framleiðni vinnuafslins eru allt hlutir sem skipta miklu máli. Konur eru helmingur af þessum hugsanlega mannauði í heiminum. Það að eyða ójöfnuði á milli kynjanna snýst því ekki aðeins um mannréttindi, heldur einnig hagkvæmni og skilvirkni.⁸³ Rannsókn sem gerð var árið 2001 leiddi það í ljós að ef hlutfall kvenna á vinnumarkaði gefur ekki rétta mynd af heildarfjölda þeirra getur það verið áhrifaþáttur í því að lönd á MENA svæðinu séu illa í stakk búin til þess að takast á við þær áskoranir sem aukin hnattvæðing hefur í för með sér.⁸⁴

⁸¹ Breslin og Kelly, 2010.

⁸² Moghadam, „Feminism, legal reform and women’s empowerment in the Middle East and North Africa,” 9.

⁸³ Hausmann, Tyson og Zahidi, *The Global Gender Gap Report*, 28.

⁸⁴ Moghadam, „Feminism, legal reform and women’s empowerment in the Middle East and North Africa,” 9.

Í skýrslu WEF kemur fram að samkvæmt nýlegri rannsókn þá hafi það að minnka ójöfnuð á milli kynjanna á vinnumarkaði verið stór þáttur í vaxandi efnahag Evrópu á síðasta áratug. Í skýrslu sem unnin var af *United Nations Economic and Social Commission for Asia and the Pacific (ESCAP)* kemur fram að það að hlutfall kvenna á vinnumarkaði sé takmarkað kosti lönd á þessu svæði samanlagt um 42 til 46 milljarða bandaríkjadala á ári. Í rannsókn sem unnin var af World Bank kemur fram að svipaðar takmarkanir í Mið-Austurlöndum leggi einnig gífurlegan kostnað á lönd á því svæði meðal annars vegna þess að verulegum fjármunum hefur verið eytt í það að minnka bilið á milli kynjanna varðandi menntun en bilið á milli kynjanna varðandi efnahagsþátttöku er enn það stærsta í heimi.⁸⁵

Í skýrslu Freedom House greinir Sanja Kelly frá því það sé skortur á lýðræðislegum stofnunum, óháðum dómstólum, frelsi til þess að mynda frjáls félagasamtök og að koma saman í þeim tilgangi sem hindri framfarir í næstum öllum löndum á MENA svæðinu. Það gilda öfgafullar bindandi reglur um myndun borgaralegra samtaka sem gerir það að verkum að erfitt er fyrir konur að safnast saman og skipuleggja sig til þess að beita þrýstingi á áhrifaríkan hátt á stjórnvöld í þeim tilgangi að öðlast aukin réttindi. Kelly bendir á það að skortur á rannsóknum og gögnum um stöðu kvenna á MENA svæðinu takmarki upp að vissu marki tilraunir óháðra félagasamtaka (NGOs) og aðgerðasinna til þess að hafa áhrif. Kelly bendir svo á að það sé í raun þýðingarlítið að samþykkt séu lög sem eigi að tryggja jafnan rétt kvenna og karla ef þeim er svo ekki fylgt eftir af ríkisyfirvöldum.⁸⁶

Samkvæmt skýrslu Freedom House þá hefur staða kvenna yfir heildina versnað á þremur stöðum: Írak, Jemen og Palestínu. Kelly segir að í þessum þremur tilvikum séu öryggisáðstæður í löndunum hluti af ástæðu þess að staða kvenna hefur versnað. Sem dæmi um það má nefna að stríðið í Írak hefur áhrif á daglegt líf kvenna og karla, en átökin hafa haft verulega slæm áhrif á stöðu kvenna. Kynbundið ofbeldi hefur færst í aukana, þar er til dæmis átt við heiðursmorð, nauðganir og mannrán. Kelly bendir á að vegna þessa þá neyðist konur til þess að halda sig meira heima við og eins og gefur að

⁸⁵ Hausmann, Tyson og Zahidi, *The Global Gender Gap Report*, 30.

⁸⁶ Breslin og Kelly, 2010.

skilja hefur það áhrif á menntun og atvinnu kvenna. En þrátt fyrir þessar aðstæður þá hafa orðið framfarir á einhverjum sviðum. Konur sitja til dæmis í 25% af þingsætum í Írak vegna tilkomu nýs kynjakvótakerfis, einnig hafa verið samþykkt ný lög sem heimila konum að „gefa“ börnum sínum og erlendum eignmönnum ríkisborgararétt sinn.⁸⁷

Aðgangur kvenna á MENA svæðinu að réttvísi er takmarkaður, að hluta til vegna þess að þær skortir skilning til þess að lesa og skilja lög, þ.e. þeir sem hyggjast nota réttarkerfið þurfa að þekkja rétt sinn og hvernig eigi að nota hann. Einnig gerir samfélagið kröfu um það að konur leiti málamiðlana fyrst í gegnum fjölskylduna sína áður en þær leiti til dómstóla. Kelly bendir á að staðreyndin er sú að í nokkrum löndum gildi vitnisburður kvenna aðeins til hálfis við vitnisburð karla í sumum málum.⁸⁸

Á öllu MENA svæðinu hafa hvorki konur né karlmenn eiginlegt vald til þess að hafa áhrif á stjórnvöld lýðræðislega og hafa aðeins takmörkuð réttindi til friðsamlegra samkoma og tjáningar. Þó er lýðræði í Jemen að nafninu til að minnsta kosti. Samkvæmt *Freedom in the World*, þar sem lönd heimsins eru metin eftir pólitískum og borgaralegum réttindum þegna sinna á hverju ári af Freedom House, þá er ekkert af ríkjunum sem rannsökuð eru í þessari skýrslu metin sem frjáls né skilgreint sem lýðræðisríki.⁸⁹

Í Marokkó, Alsír og Egyptalandi hafa aðgerðasinnar náð að beita stjórnvöld þrýstingi og haft áhrif með því. Konur í Marokkó höfðu það forskot að hafa pólitíska leiðtoga sem höfðu samkennd með málstað þeirra og ýttu jafnvel undir hann. Sá þáttur var og er ekki til staðar í öllum löndum á MENA svæðinu.⁹⁰ Hvað sem því líður þá kemur fram í skýrslunni að takmarkanir á frelsi til borgaralegra samkoma og stofnun samtaka sé ein helsta hindrun þess að konur öðlist aukin réttindi. En þessar takmarkanir gera það að

⁸⁷ Breslin og Kelly, 2010.

⁸⁸ Sama heimild.

⁸⁹ Sama heimild.

⁹⁰ Moghadam, „Feminism, legal reform and women’s empowerment in the Middle East and North Africa,” 15.

verkum að aðgerðarsinnar geta ekki skipulagt sig sem heild og gripið til aðgerða án þess að eiga hættu á því að vera lögsóttir af stjórnvöldum.⁹¹

Yahya Sadowski segir frá því að vísindalegar kannanir sýni að flest einkenni sem múslimar sem hópur hafa sameiginleg deili þeir einnig með restinni af mannkyninu. Rannsókn sem gerð var af Ingelhart og Norris árið 2003 bar saman kannanir á viðhorfum í 11 ríkjum þar sem múslimar eru í meirihluta á, samskonar kannanir sem gerðar voru í 69 löndum þar sem meirihluti fólks er annarrar trúar. Í þessum könnunum kom í ljós að þær spurningar sem tengdust pólitískum gildum og menningu virtust múslimar ekki svo ólíkir kristnum eða öðrum trúarhópum. Eini verulegi munurinn var á spurningum sem tengdust kynjunum, þar sem meirihluti múslima hafði sömu þröngsýnu viðhorfin og minni hluti kristinna. Samkvæmt Sadowski þá virðist sem jafnvel á þessu sviði þá spretti viðhorf múslima frekar frá félagslegum aðstæðum en íslömskum kenningum.⁹²

Það að bæta stöðu kvenna mun ekki einungis koma þeim til góðs heldur öllu samfélaginu. Ef helmingur þjóðar situr heima og hæfileikar allra þessara aðila fara til spillis þá er ljóst að ekki er verið að nýta mannauðinn á skilvirkan hátt. Þegar á MENA-svæðinu búa ekki við lýðræði svo viðhorf helstu ráðamanna þjóða skipta miklu máli. Ef ráðamenn væri jákvæðir í garð kvenfrelsis þá myndi eflaust ganga betur að bæta stöðu kvenna, það er þó ekki nóg eitt og sér því samfélagsgerðin og almenningsálitið þarf einnig að fylgja með.

⁹¹ Breslin og Kelly, 2010.

⁹² Yahya Sadowski, „Political Islam: Asking the Wrong Questions?,” í *Essential readings in World Politics*, ritstj. Karen A. Mingst og Jack L. Snyder, (New York: W.W Norton & Company, Inc., 2008), 211.

Niðurstöður og lokaorð

Staða kvenna í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku er bág og þeir þættir sem hindra þátttöku kvenna í samfélaginu eiga sér oftast en ekki menningarlegar rætur. Þegar horft er á stöðu kvenna í ljósi femínískra kenninga og mannréttinda er ljóst að konur á MENA-svæðinu njóta ekki fullra réttinda. Markmið femínískrar hugmyndafræði eru meðal annars félagslegt jafnrétti borgara og frelsi til þess að stofna samtök og taka virkan þátt í samfélaginu sem einstaklingur og hluti af heild. Samkvæmt hugmyndafræði frjálslyndra femínískra kenninga eru konur einstaklingar sem hafa rétt á því að velja sér sjálfar hvaða leið þær fara í lífinu og einnig er frelsi frá félagslegum höftum nauðsynlegt, þá er frelsi frá samfélagslegum hefðum og fordómum einnig mikilvægt. Ekkert af þessu má finna í samfélögum á MENA-svæðinu. Frelsi einstaklinga er mjög takmarkað og þá sérstaklega frelsi kvenna. Fjölskyldan er kjarninn í samfélögum á svæðinu en ekki einstaklingurinn og það er karlmaðurinn sem er höfuð fjölskyldunnar. Karlmennt hafa einnig í mörgum samfélögum stöðu sem forsjáraðilar kvenna. Þessi aðili er oftast faðir eða annar ættingi konunnar eða þá eiginmaður hennar. Konur eru því í raun ekki fullveðja ríkisborgarar heldur einungis þegnar forsjáraðila síns. Þær geta því ekki tekið þátt í samfélaginu á eðlilegan hátt eins og dæmið sýnir þar sem sagt var frá stúlkunni í Sádí Arabíu sem hyggðist kæra föður sinn fyrir kynferðislega misnotkun er var bent á að koma aftur með föður sínum svo hann gæti lagt inn kærana.

Konur hafa einnig takmarkað frelsi til þess að velja sér maka sjálfar samanber þvinguð hjónabönd þar sem oftast eiga í hlut barnungar stúlkur sem eru giftar mönnum sem eru mun eldri en þær. Konur ganga því í raun frá því að vera eign föður síns til þess að vera eign eiginmanns síns. Konur eru því í raun ósjálfstæðar og er sú staða þeirra staðfest í lögum margra ríkja á svæðinu. Í sumum löndum á MENA-svæðinu geta konur ekki „gefíð“ börnum sínum né erlendum eiginmönnum ríkisborgararétt sinn. En það hefur staðið til bóta í löndum eins og Alsír, Egyptalandi, Írak og Túnis. Konur þurfa þó að sækja sérstaklega um þetta en það þurfa karlmenn ekki að gera. Annað dæmi um hindrun sem fylgir nýjum réttindum kvenna má finna í Kúveit þar sem konur þurfa að ná hærri meðaleinkunn en karlmenn til þess að komast inn í verkfræðideild Háskólans í Kúveit.

Breytingar hafa orðið á lögum um fjölskylduna á MENA-svæðinu en það þarf að kynna og útskýra fyrir konum ný réttindi sín vegna þess að oft skortir þær þekkingu til þess að gera það sjálfar. Einnig þarf að sjá til þess að nýjum lögum verði framfylgt en það virðist ekki alltaf vera svo. Til þess að konur geti aflað sér upplýsinga og vitneskju um málefni sem varða réttindi þeirra þurfa þær að vera læsar. Ef svo ber undir að konur eru meðvitaðar um rétt sinn og hyggjast láta reyna á hann fyrir lögum þá eru meiri líkur á því en minni að þeim verði dæmt í óhag. Í sumum löndum á MENA-svæðinu þá vegur vitnisburður konu einungis til hálfis við vitnisburð karlmanns.

Tregða er í dómskerfum margra landa á svæðinu fyrir því að taka á málum sem snerta fjölskylduna. Oft er hvatt til þess að leitað sé sátta innan fjölskyldunnar áður en mál fari lengra. Heimilisofbeldi er talið mjög algengt á MENA-svæðinu og það eru nánast undantekningalaust konur sem eru þolendur. Heiðursmorð eru óhugnanlegt dæmi um heimilisofbeldi sem lögin taka ekki almennilega á. Ofbeldi gagnvart konum eykst oft þegar öryggisaðstæður eru slæmar, eins og til dæmis þegar stríð vofir yfir. Það hefur sýnt sig til dæmis í Írak og Palestínu.

Að jafna stöðu kynjanna myndi koma öllum til góðs, ekki einungis konum. Þau lönd sem nýta ekki til fulls hæfileika þjóða sinna ráðstafa mannauði sínum óhagkvæmt. Réttindi kvenna og jafnræði kynjanna er því ekki aðeins mannréttindamál heldur einnig efnahagslegt vandamál. Það er á ábyrgð stjórnvalda ríkis að viðhalda mannréttindum þjóðar sinnar. Ef ríki stendur sig ekki á því sviði þá bregst alþjóðasamfélagið sjaldan við nema að almenningsálitið sé með. Það eru margir þættir sem þurfa að vinna saman ef takast á að koma á jafnræði kynjanna á MENA-svæðinu. Pólitískir leiðtogar þurfa að hafa samúð með málstaðnum svo hægt sé að breyta lögum og framfylgja þeim til fulls. Einnig þarf almenningsálitið að fylgja að einhverju leyti því það getur reynst erfitt að framfylgja lögum sem taka á hlutum sem samfélagið telur eðlilega og nauðsynlega. Frelsi til þess að stofna samtök og hópa þarf að vera til staðar svo konur geti skipulagt sig og samræmt aðgerðir til þess að þrýsta á stjórnvöld. Að lokum er nauðsynlegt að viðeigandi breytingar verði gerðar á dómskerfinu svo tekið verði á málefnum karla og kvenna með jafnræði. Í mörgum löndum á MENA-svæðinu eru konur algjörlega

fjarverandi í dómskerfi og stjórnvöldum svo að sjónarmið þeirra ná oftast ekki fram á þeim sviðum. Það er hægt að gera ráð fyrir því að til þess að ná fram jafnrétti kynjanna þurfi að fjölga konum í stöður þar sem þær geta haft raunveruleg áhrif á setningu laga og framkvæmd þeirra.

Borin voru saman fimm lönd á MENA-svæðinu: Egyptaland, Jemen, Marokkó, Óman og Sádí Arabía. Löndin standa misjafnlega vel varðandi þá fjóra þætti sem athugaðir voru. Þau eru öll frekar jöfn hvað varðar þátttöku á vinnumarkaði og fjölda kvenna á þingi en frekar ójöfn hvað varðar læsi og aðstoð faglærðra heilbrigðisstarfsmanna við fæðingar. Framfarir eru sýnilegar á einhverjum sviðum hjá þeim öllum en þau eiga það einnig sameiginlegt að eiga langt í land með það að jafna stöðu kynjanna í samfélögum sínum. Að auki eru öll þessi lönd mjög neðarlega á lista WEF þar sem öllum 134 löndunum sem skoðuð voru í skýrslunni er raðað niður í sæti eftir heildareinkunn þeirra. Það eru helst í menntunar- og heilsubáttum sem framfara er að gæta varðandi málefni kvenna á MENA-svæðinu. Fjöldi kvenna á þingi og þátttaka á vinnumarkaði virðast útskýra ástandið betur en hinir þættirnir. Þar standa öll löndin mjög illa eins og þau gera þegar á heildina litið. Framfarir eru sjáanlegar á einhverjum sviðum í öllum löndum en þær eru hægar. Hafa verður í huga að erfitt er að alhæfa um einstaka þætti yfir á allt svæðið og einnig geta landshlutar verið mjög mismunandi.

Heimildaskrá

- Beasley, Chris. 1999. *What is Feminism? An introduction to feminist theory*. London: SAGE Publications Ltd.
- Breslin, Julia, og Sanja Kelly, ritstj. 2010. *Women's Rights in the Middle East and North Africa: Progress Amid Resistance*. New York: Freedom House; Lanham, MD: Rowman & Littlefield,
<http://freedomhouse.org/template.cfm?page=384&key=270&parent=23&report=86> (sótt 3.mars 2011).
- Bryson, Valerie. 1992. *Feminist political theory: An introduction*. London: Macmillan.
- Brown, Chris. 2006. "Human rights." Í *The Globalization of World politics: An Introduction to International Relations*. 3.útg., ritstj. John Baylis, Steve Smith og Patricia Owens, 689-702. New York: Oxford University Press.
- Duddy, Janice. 2002. „REPORTS FROM AROUND THE WORLD: MIDDLE EAST AND AFRICA; THE ARAB WORLD; WOMEN DEPRIVED OF CITIZENSHIP RIGHTS.” *WIN news* 28, nr. 4 (haust): 56
<http://proquest.umi.com/pqdweb?index=9&did=592593531&SrchMode=2&sid=2&Fmt=3&VInst=PROD&VType=PQD&RQT=309&VName=PQD&TS=1300732903&clientId=58117> (Sótt 21.mars 2011).
- Dresser, Guy. 2010. „Global Gender Gap”, World Economic Forum.
<http://www.weforum.org/issues/global-gender-gap/index.html> (sótt 15.febrúar).
- Einarsdóttir, Þorgerður. 2006. „Kynjakerfið. Úrelding í augsýn eða viðvarandi kynjahalli?” í *Rannsóknir í Félagsvísindum VII. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2006*. ritstj. Úlfar Hauksson, 445-456. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Hausmann, Ricardo, Laura D. Tyson og Saadia Zahidi. 2010. *The Global Gender Gap Report*. Geneva: World Economic Forum.
- Joseph, Suad og Susan Slymovics. 2001. *Women and power in the Middle East*. Philadelphia: University of Pennsylvania Press.

- Lister ,Ruth. 1997. *Citizenship: Feminist Perspectives*, ritstj. Jo Campling. London: MACMILLAN PRESS LTD.
- Mingst, Karen A. 2008. *Essentials of International Relations*. 4. Útg. New York: W.W. Norton & Company, Inc.
- Moghadam, Valentine M. 2008. „Feminism, legal reform and women’s empowerment in the Middle East and North Africa.” *International Social Science Journal* 59:9-16.
- Sadowski, Yahya. „Political Islam: Asking the Wrong Questions?.” Í *Essential readings in World Politics*, ritstj. Karen A. Mingst og Jack L. Snyder, 210-227. New York: W.W Norton & Company, Inc., 2008.
- Stark, Barbara. 2005. „Gender and Human Rights.” *The American Journal of International Law* 99: 947-950.
- United Nations Development Programme. 2009. *Arab Human Development Report 2009: Challenges to Human Security in the Arab Countries*. New York: United Nations Publications.
- Tickner, J. Ann. 2001. *Gendering world politics : issues and approaches in the post-Cold War era*. New York: Columbia University Press.